



FRÉTTABLAÐIÐ



Börnin börðu bumbur á einum af mörgum viðburðum Big Bang hátíðarinnar í Hörpu í gær. Markmið hátíðarinnar, sem komið var á fót árið 2010, er að auka aðgengi barna að tónlist. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Saka bílasölu um að selja bíla sem eru ekki til

Forkólfar bílasöluvarnarmanna Bensinlaus.is eru sakaðir um stórfelld svik af fyrrverandi starfsmönnum og ellilífeyrisþegi sem keypti af þeim bíl fyrir þremur mánuðum fær engin svör um hvar hann er.

ser@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Fyrrverandi starfsmenn bílasöluvarnarmanna Bensinlaus.is saka forkólfa hennar um stórfelld og alvarleg svik á hendur viðskiptavinum sem fá ekki í hendur þá rafbíla sem þeir hafi greitt fyrir – og í sumum tilvikum staðgreitt.

Þetta þekkir Jóhannes Þór Jóhannesson, ellilífeyrisþegi sem hefur ekki

enn séð nýjan Ford Mustang sem hann keypti af Bensinlaus.is fyrir rúmum þremur mánuðum, þann 11. janúar síðastliðinn. Hann greiddi bílasöluverð 1,5 milljónir við undirskrift samningsins og afganginn, 6,4 milljónir, fjórum dögum seinna.

„Bílasalarnir svara ekki í síma og munu núna vera komnir til Marbella á Spáni,“ segir Jóhannes Þór sem hefur reynt að rifta söluverðum án árangurs. Lögmaður hans vinnur að málinu sem hefur verið tilkynnt til lögreglu og er aðgerða af hennar hálfu að vænta, að sögn Jóhannesar Þórs.

Fjórir lykilstarfsmenn bílasöluvarnarmanna gengu nýverið á dyr vegna þessara viðskiptahátta, en þar eru



Það þarf að stoppa svona menn.

Jóhannes Þór Jóhannesson, ellilífeyrisþegi

á ferðinni aðstoðarframkvæmdastjóri, sölustjóri, innkaupastjóri og mannauðsstjóri.

„Við vitum að stjórnendur Bensinlaus.is eru að sýna viðskiptavinum verksmiðjupantanir á bílum úti á meginlandi Evrópu sem enginn fótur er fyrir, en með eftirgrennslan vegna nokkurra svona tilvika komst ég að því að engin pöntun lá fyrir,“ segir Jóhanna Pálsdóttir, fyrrverandi innkaupastjóri hjá bílasöluverðinu.

Gisli Þór Gíslason, fyrrverandi sölustjóri hjá Bensinlaus.is, staðfestir þessa sögu og segir að hluti svikanna sé að seinka ítrekað afhendingu bílanna hér á landi. „Ég hef staðfestar heimildir fyrir því að bílar eins og Jóhannesar Þórs sem

áttu að vera á hafnarkantinum í Bandaríkjunum og biðu lestunar um borð í skip Eimskips, að sögn, voru ekki á staðnum.“ Hann bætir því við að forvígismenn Eimskips hafi sent starfsmann til að athuga hvort hér hafi verið um mistök að ræða, en reyndin hafi verið sú að engir bílar á vegum Bensinlaus.is hafi verið skráðir á hafnarsvæðið.

„Það þarf að stoppa svona menn,“ segir Jóhannes Þór sem enn veit ekkert hvort hann fær bíl sinn frá Ameríku eða getur rift kaupunum.

„Það á að loka reikningum þeirra.“ Ívar Máni Garðarsson, framkvæmdastjóri Bensinlaus.is, svaraði ekki símtölum blaðsins fyrir prentun þess í gærkvöld. ■

Er bíllinn klár í ferðalagið?

→ Ferðabox, kajakfestingar, hjólafestingar og margt fleira

Hekla Laugavegi 174, 105 Rvk. → www.hekla.is



Þriggja hjóla festing á krók
Burðargeta 60 kg, hallanleg
Verð 89.900 kr.



Skíðafesting á topp
4 skíði eða 2 snjóbretti
Verð 24.890 kr.



Menabo farangursbox
320 ltr, Mania, svart
Verð 44.990 kr.



Reiðhjólafesting á topp
Burðargeta 15 kg
Verð 18.900 kr.



Viðgerðir á holum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Margar vegaholur eftir erfiðan vetur

benediktboas@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Vegagerðin vinnur nú að því að gera við holur sem hafa myndast í bundnu slitlagi á vegum víða um land. Holur myndast þegar vatn liggur í vegum. Þegar vatn frýs eykst rúmmál þess og þegar það þiðnar aftur er malbikið upp-spennt. „Ef þungur bíll ekur þar yfir og brýtur það niður getur hola myndast mjög hratt,“ segir Birkir Hrafn Jóakimsson, forstöðumaður á mannvirkjasviði Vegagerðarinnar.

Hann bendir á að holur séu ekki séríslenskt fyrirbæri. „Við hér á Íslandi erum ekki ein um að berjast við holur þegar vorið kemur með sínum leysingum. Ég hef fengið fréttir frá kollegum mínum um allan heim og þetta er alls staðar. Hins vegar erum við illa sett núna eftir mjög þungan vetur,“ segir hann. Ekki er hægt að koma alveg í veg fyrir að holur myndist, að sögn Birkis Hrafn. „En það er hægt að minnka það,“ segir hann. ■

Boltinn rúllar af stað



TM-mót Stjórnunnar, fyrsta stórmót sumarsins, hófst í Garðabænum í gær en því líkur á sunnudag. Hér má sjá piltu úr 6. flokki Gróttu og Aftureldingar takast á en einnig er keppt í kvennaflokki og í 7. og 8. flokkum. Spilaður er fimm manna bolti og hver leikur er klukkutími.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fyrsta afbrigði influensunnar skætt

birnadrofn@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir segir Ísland komið á góðan stað hvað varðar Covid-faraldurinn. Fjöldi fólks sé þó smitaður af influensu sem sé sérstaklega skæð í ár.

Ástæðan sé meðal annars sú að ekki hafi komið upp influensufaraldur á síðasta ári vegna þeirra samkomutakmarkana og sóttvarnaágerða sem þá voru í gangi. Nú fái hún að ganga laus.

„Influensan er seinna á ferðinni í ár en vanalega og eins og við bjuggumst við er hún skæð,“ segir Þórólfur. „Og eins og við bjuggumst líka við er mikið af ungu fólki og börnum að smitast,“ bætir hann við.

Þórólfur segir bólusetningu gegn influensunni ekki virðast veita mikla vörn gegn því afbrigði flensunnar sem nú sé í gangi, það verði að koma í ljós hversu vel bólusetn-



Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir

ingin verndi gegn öðrum afbrigðum hennar.

„Þetta er ekki búið, yfirleitt ganga þrjú afbrigði flensunnar yfir og við erum enn þá á því fyrsta. Hvort þau verði fleiri verður að koma í ljós,“ segir Þórólfur.

Spurður að því hvort þeir einstaklingar sem smitist nú af influensu séu ólíklegri en aðrir til að smitast af öðru afbrigði hennar segir Þórólfur svo ekki vera. „Maður getur smitast aftur, smit gegn einu afbrigði verndar ekki gegn öðru,“ segir hann. ■

Hinn vestur-íslenski Bourne fallinn fyrir krabbameininu

Tónlistarmaðurinn Bill Bourne er látinn, 68 ára að aldri. Bill átti íslenskar rætur og starfaði mikið með KK og hinni færeysku Eivöru Pálsdóttur.

kristinnhaukur@frettabladid.is

TÓNLIST Vestur-íslenska söngvaskáldið Bill Bourne lést á laugardaginn eftir erfiða baráttu við krabbamein. Hinn kanadíski Bourne, sem bjó í borginni Edmonton, ræktaði ræturnar hér á Íslandi og starfaði meðal annars með KK og Eivöru Pálsdóttur.

„Tónlist Bills mun koma til með að lifa áfram,“ segir KK sem lýsir Bill sem góðum vini sínum. „Hann setti hjartað í allt sem hann gerði og lifði fyrir tónlistina.“

Bill, sem hét fullu nafni William Sigurd Bourne, var 68 ára gamall þegar hann lést úr krabbameini í blóðru og nýrum. Hann hafði barist við sjúkdóminn í tvö ár. Hann var fæddur í bænum Red Deer í Alberta-fylki, langafabarn skagfirska skáldsins Stephans G. Stephanssonar sem hélt til Vesturheims árið 1873.

Hann spilaði tónlist í þjóðlagastíl og var undir áhrifum tónlistarfólks eins og Bobs Dylan og Joni Mitchell. En einnig var hann opin fyrir öðrum áhrifum, til að mynda bandarískum blús, spænskum flamengo og keltneskri og afríski þjóðlagatónlist.

Í Morgunblaðinu 2001 lýsti Bill Graceland, plötu Pauls Simon, sem tímamótaverki. Þar hafi mörgum menningarstraumum verið att saman og haft mikil áhrif á hann.

Bill gaf út sína fyrstu plötu árið 1981 sem hét einfaldlega Bill Bourne. Tíu sólplötur fylgdu í kjölfarið og annað eins með ýmsum hljómsveitum og tónlistarfólki. Ein af þeim var platan Eivör & Bill, sem hann gerði



Bill Bourne á tónleikum á leikvangi ishokkiliðsins Edmonton Oilers árið 2014.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Honum þótti ofboðslega vænt um að koma til Íslands og fann ræturnar hér.



KK, tónlistarmaður

með færeysku söngkonunni og kom út árið 2004. Platan vann til nokkurra verðlauna í Danmörku.

KK segir Bill hafa verið einstakan gítarleikara og varla hafa lagt gítarinn frá sér. Fyrir alla tónleika hafi hann æft sig af kappi og verið „í mómentinu“. Hann minnst þeirra tónleika sem þeir komu fram á, fyrir um tveimur áratugum síðan, til dæmis á Rosenberg, í Salnum í Kópavogi og á landsbyggðinni.

„Honum þótti ofboðslega vænt um að koma til Íslands og fann ræturnar hér,“ segir KK. Bill hafi verið mikill náttúruunnandi og eftirminnegasta stundin þegar þeir fóru saman „út á æðruleysinu“. Bill hafi líka verið einstaklega laginn maður með vélar, bílaáhugamaður sem ferðaðist um á gömlum káðilj-ákum og kunni að gera við þá. „Ég fór með hann út á sjó að veiða. Hann elskaði það,“ segir KK. ■

Sjálfvirkur opnunarbúnaður og snertilausir rofar frá

GEZE

Þýsk gæðavara.

JARN&GLER

Skútuvogi 1h - Sími 585 8900
www.jarngler.is



NÝTT UPPHAF Í KAUPTÚNI

VORVINDAR TOYOTA

SÝNING LAUGARDAGINN 23. APRÍL KL. 12-16



AYGO X

Aygo X hefur heilmikið X-tra – veghæð, afl og snarpa aksturseiginleika. Margur er knár þótt hann sé smár.

Forsýning! Reynsluaktu glænýjum Aygo X og tryggðu þér eintak.



bZ4X

Hugvitssamlega hannaður rafmagnsbíll – í fararbroddi á öllum sviðum. Frábær drægni og akstursupplifun.

Sérfræðingar á staðnum svara öllum spurningum um bZ4X.

COROLLA CROSS

Glæný Corolla, kraftalegri og öflugri – byggð á reynslu og árangri. Stærri, hærri og til í krefjandi áskoranir.

Forpöntun. Máttaðu Corolla Cross sýningareintök á staðnum.



KAUPAUKAR – FRJÁLST ER Í FJALLASAL

TOYOTA LAND CRUISER
70 ÁRA AFMÆLISÚTGÁFA
950.000 kr. uppfærsla fylgir áfram í takmarkaðan tíma*

TOYOTA HILUX
33" BREYTING Í KAUPBÆTI
Gildir þegar keyptir eru aukahlutir fyrir að lágmarki 300.000 kr.**

TOYOTA – MEST SELDA
BÍFREIÐATEGUNDIN
Á ÍSLANDI

32
ÁR Í RÖÐ

Nýr Hybrid = 100% afsláttur af lántökugjöldum. Sjá nánar á toyota.is

TOYOTA TRYGGINGAR
vátryggt af TM



Toyota Kaupþúni
Kaupþúni 6 – 570 5070



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bílnir í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. *Gildir ekki með öðrum tilboðum eða LX útfærslu Land Cruiser og á eingöngu við um nýja bíla. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. **Gildir ekki með öðrum tilboðum eða LX útfærslu Hilux og á eingöngu við um nýja bíla. Á ekki við um aðgerðir/aðkeypta hluti frá þriðja aðila. 3 ára þjónusta fylgir öllum nýjum bílum sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Fyrirbyggjandi meðferð við stoðkerfisvanda á heilsugæslunni

birnadrofn@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Heilsugæslan á Seltjarnarnesi er fyrsta heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu sem býður upp á þjónustu sjúkraþjálfara fyrir fólk með stoðkerfisvandamál. Um tilraunaverkefni er að ræða sem bæði forstjóri Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu, Óskar Reykdalsson, og fagstjóri hjúkrunar á Heilsugæslu Seltjarnarness og Vesturbæjar, Emilía Petra Jóhannsdóttir, segja ganga vonum framár.

„Heilsugæslunni á Seltjarnarnesi hefur alltaf gengið vel rekstrarlega svo þau höfðu möguleikann á því að fara með þetta verkefni í gang, það eru því miður ekki allar stöðvar í þeirri stöðu,“ segir Óskar.

Á öllum heilsugæslustöðvum höfuðborgarsvæðisins er starfandi hreyfistjóri, það er sjúkraþjálfari með aðsetur á heilsugæslustöðvum sem aðstoðar fólk við að fara af stað í hreyfingu. „Í þessu tilraunaverkefni er um að ræða sjúkraþjálfara sem aðstoðar fólk sem glímur við



Svona nýtum við betur mannaflann hérna innanhúss og læknir þarf ekki að koma að hverri beiðni.

Emilía Petra Jóhannsdóttir, fagstjóri hjúkrunar

skyndilega verki, veikindi eða stoðkerfisvandamál en þarf ekki langtíma sjúkraþjálfun,“ segir Emilía.

Sjúkraþjálfarinn metur sjúkl-inginn og leiðbeinir honum með æfingar. Ef þörf er á getur sjúkraþjálfarinn sent tilvísun um frekari meðferð í tilvisanagátt Heilsuveru. „Svona nýtum við betur mannaflann hérna innanhúss og læknir þarf ekki að koma að hverri beiðni,“ segir Emilía.

Þá segir hún verkefnið geta verið fyrirbyggjandi fyrir fólk með stoð-

kerfisvandamál. Séu sjúklingar meðhöndlaðir snemma sé hægt að sporna við vandamálum sem annars gætu orðið. „Við förum upphaflega af stað með þetta verkefni vegna þess að við sáum þörfina. Fólk hefur almennt verið ánægt með þjónustuna og við sjáum fyrir okkur að veita hana áfram,“ segir Emilía.

„Þetta er hluti af okkar framtíðarsýn, að fjölga fagstéttum innan heilsugæslunnar og veita aukna þjónustu,“ segir Óskar. ■



Mikið hefur gengið á undanfarid en stjórnin ekki fundað.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Fyrsti fundurinn frá aprílbyrjun

elinhirst@frettabladid.is

ALÞINGI Ríkisstjórnarfundur verður haldinn í fyrramálið í fyrsta skipti síðan föstudaginn 8. apríl síðastliðinn. Alþingi fór sem kunnugt er í tveggja vikna páskaeyfi þann sama dag.



Á mánudag verður opinn fundur í fjárlaganefnd um sölu Íslandsbanka.

Boðað hefur verið til opins fjarfundar í fjárlaganefnd Alþingis mánudaginn 25. apríl næstkomandi vegna útbodsins á rúmlega 22 prósentu hlut ríkisins í Íslandsbanka.

Stjórnarandstaðan hélt áfram að krefjast þess síðasta þingdaginn fyrir páska að óháð rannsóknarnefnd Alþingis yrði skipuð til að rannsaka söluna. ■

Lögreglan hafði í tvígang afskipti af sama barni í leit að strokufanga

Móðir drengs segir lögregluna þurfa að endurskoða verklag sitt eftir að sonur hennar varð tvisvar fyrir barðinu á lögreglu í tengslum við leit að strokufanga. Sonurinn og strokufanginn eru báðir dókkir á hörund en töluverður aldursmunur er á þeim.

benediktarnar@frettabladid.is
elin@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur í tvígang haft afskipti af sextán ára dreng í leit sinni að strokufanganum Gabríel Duoane Boama, sem strauk úr Héraðsdómi Reykjavíkur á þriðjudag. Þeir eiga það sameiginlegt að vera dókkir á hörund. Móðir hans segir það ekki líðandi að þjálfaðir lögreglumenn afhjúpi vanþekkingu sína með þessum hætti en strokufanginn er tvítugur að aldri.

Á miðvikudag var drengurinn umkringdur af vopnuðum sérsveitarmönnum í strætisvagni. Hann var ekki handtekinn en varð svo skelk-aður eftir atvikið að hann fór út úr vagninum og félagar hans fylgdu honum heim í leigubíl.

Í gær hafði lögregla aftur afskipti af drengnum í bakarií í Mjóddinni og bað hann um kennitölu. Móðir drengsins segist hafa hvatt hann til að koma með sér út í bakarið þar sem hann treysti sér ekki til að mæta til vinnu þann dag, einmitt til þess að hann gæti reynt að yfirvinna óttann frá því þegar lögreglan hafði afskipti af honum í strætisvagninum.

Móðirin segir augljóslega þurfa að skoða verklag lögreglunnar gaumgæfilega og að vitundarvakning í



Sérsveit Ríkislögreglustjóra hafði afskipti af drengnum í fyrsta skipti.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK



Móðirin hefur fundað tvisvar með ríkislögreglustjóra.

samfélaginu um „racial profiling“ sé nauðsynleg. Rasismi lifi því miður góðu lífi á Íslandi og sé stórt samfélagslegt vandamál.

Móðirin hefur átt tvo fundi með Sigríði Björk Guðjónsdóttur

ríkislögreglustjóra vegna málanna tveggja. Ríkislögreglustjóri gaf út yfirlýsingu eftir fyrsta atvikið þar sem það var harmað að aðgerðir lögreglu hefðu bitnað á ungum dreng.

„Leit að hættulegu fólki má ekki verða til þess að minnihlutahópar í okkar samfélagi upplifi óöryggi eða ótta við að samferðafólk þeirra tilkynni það til lögreglu án tilefnis,“ segir í yfirlýsingu ríkislögreglustjóra.

Eftir atvikið í bakariíu sagði Gunnar Hörður Garðarsson, samskiptastjóri yfirstjórnar lögreglu, við Fréttablaðið að það væri erfitt að saklaus strákur væri tilkynntur til lögreglu tvo daga í röð. „Það er rosalega erfitt að sami strákur sé að lenda í því að einhver tilkynni hann og að við séum að bregðast við og

koma að honum. Það er gífurlegt áfall fyrir ungan dreng sem hefur ekkert gert,“ segir Gunnar.

Móðirin segir drenginn sinn mjög óttasleginn eftir atburðina og þora ekki að fara af heimili sínu.

Á meðan er strokufanginn Gabríel enn þá ófundinn. Hann er 192 sentimetrar á hæð, með brún augu og um 85 kíló að þyngd. Hann var klæddur í hvíta hettupeysu, gallabuxur og hvíta skó þegar hann lét sig hverfa úr haldi lögreglu.

Þau sem geta gefið upplýsingar um ferðir Gabríels eða vita hvar hann er niðurkominn eru vinsamlegast beðin um að hafa tafarlaust samband við lögreglu í síma 112. Lögregla og fangelsismálastjóri hafa einnig hvatt Gabríel til að gefa sig strax fram. ■

Með þér eflum við rannsóknir



Rannsóknir eru forsenda framfara. Krabbameinsfélagið stundar eigin rannsóknir, auk þess að vera í samstarfi við fjölda innlendra og erlendra aðila. Megináhersla er á rannsóknir á eðli krabbameina, áhrifaþáttum, horfum og gæðum greiningar og meðferðar. Stofnun Vísindasjóðs Krabbameinsfélagsins var bylting í krabbameinsrannsóknum hér á landi og fjöldi vísindafólks getur sinnt sérhæfðum rannsóknum með styrkjum úr sjóðnum.

Takk, kærri Velunnari.
Með þér getum við gert svo ótalmargt.

FLORIM

2017-2021 Fyrirmyndarfyrtæki í rekstri
Viðskiptadæði Keldun

2016-2021

Framúrskarandi fyrtæki

FLÍSAR FYRIR FAGURKERA

ÍTÖLSK GÆÐI OG GLÆSILEIKI

MIKIÐ ÚRVAL AF VEGG- OG
GÓLFLÍSUM Á GÓÐU VERÐI

RAWTECH DUST

Birgisson®

Ármúli 8 | 108 Reykjavík | Sími 516 0600 | www.birgisson.is



Sjallinn, frægasti skemmtistaður Akureyrar, myndi vikja fyrir nýbyggingunum.
FRÉTTABLAÐIÐ/BJARNI

Leggja til sjötíu íbúða hús með bílastæðalyftu

kristinnpall@frettabladid.is

AKUREYRI Tillaga um að byggja sjötíu íbúðir í miðbæ Akureyrar var lögð fyrir skipulagsráð bæjarfélagsins í vikunni. Samkvæmt henni yrðu íbúðirnar í sex hæða húsum með verslunum og þjónustu á fyrstu hæð. Við hlið húsanna yrði bílastæðahús með lyftu fyrir bifreiðar líkt og þekktist víða í erlendis en hefur, eftir því sem Fréttablaðið kemst næst, aldrei verið reist á Íslandi.

Hugmyndin var lögð fram af hálfu BB bygginga sem er eigandi landsvæðisins og H.S.Á. teiknistofu. Skipulagsráð tók vel í hugmyndirnar og lagði fyrir skipulagsfulltrúa að halda áfram að vinna að málinu. Ef af framkvæmdunum yrði

yrðu húsin sem hýstu Borgarbió og Sjallann rifin.

„Þetta fyrirkomulag með bílastæðalyftum hefur verið til staðar erlendis í langan tíma en ég er ekki viss um að þetta hafi verið reynt á Íslandi,“ segir Haraldur Sigmar Arnason hjá H.S.Á. teiknistofu, aðspurður hvort hann viti til þess að slík lyfta hafi verið tekin í notkun á Íslandi.

„Með því að byggja ramp upp á milli hæða ertu að fórna 30 bílastæðum sem er allt of mikið. Þessar lyftur eru ekki dýrar í sjálfu sér, því þetta eru bara tvær hæðir, þannig að þú þarft ekki hraðskreidda lyftu. Ætli þetta kosti ekki um 12-13 milljónir,“ segir Haraldur, spurður um kostnaðinn við slíka lyftu. ■

Fjögur prósent hafa ekkert tölvupóstfang

kristinnhaukur@frettabladid.is

TÆKNI Íslendingar eru með þeim Evrópuþjóðum sem nota netið hvað mest samkvæmt tölum Evrópusambandsins. 96 prósent landsmanna, á aldrinum 15 til 74 ára, hafa netfang og nota netið til að senda og taka við tölvupósti. Aðeins Norðmenn eru með hærra hlutfall en meðaltal álfunnar er ekki nema 76 prósent.

76 prósent Íslendinga nota netið til þess að spjalla við aðra, annað hvort með hljóði eða mynd. Þetta hefur aukist mjög í faraldrinum en árið 2019 var hlutfallið 64 prósent, 12 prósentum lægra.

Fleiri nota netið líka til þess að sækja sér upplýsingar um heilsu sína, til dæmis með heilsuveru.is. Árið 2019 nýttu 65 prósent Íslendinga sér þetta en 71 prósent í dag.

Lítill breyting hefur verið á því hversu margir lesa fréttir á netinu.



42 prósent landsmanna spila tölvuleiki á netinu.

Þar er hlutfallið 95 prósent, það hæsta í álfunni og hefur verið í nokkur ár. Sama hlutfall er með netbanka og notar hann til þess að millifæra og greiða reikninga.

42 prósent landsmanna spila tölvuleiki á netinu, 84 prósent hlusta á tónlist og 90 prósent horfa á sjónvarpsþætti eða kvikmyndir á streymisveitum. ■



Melkorka María Guðmundsdóttir að störfum. Hún segir að eitt það besta við starfið sitt sé að fá að sjá afrakstur vinnu sinnar við dagslok. Melkorka er meðlimur í Félagi fagkvenna sem hún segir gott að geta leitað til MYND/ADSEND

Iðnnám nýtur aukinna vinsælda meðal kvenna

Um langt skeið sóttu örfáar konur sér menntun í iðngreinum. Nú er öldin önnur og konur sækja sér í auknum mæli menntun í iðngreinum.

benediktboas@frettabladid.is

MENNTAMÁL „Aðsókn kvenna í iðnnám hefur aukist mjög undanfarin þrjú ár og í sumum greinum hefur fjöldi þeirra jafnvel tvöfaldast, svo sem í pípuhlöðum, húsasmíði, rafvirkjun og dúklögn,“ segir Margrét Halldóra Arnarsdóttir, kennari í rafvirkjun í Tækniskólanum og formaður Félags fagkvenna.

Margrét segir skýringuna líkast til að finna í því að konur hafi eignast fyrirmyndir í greinunum auk þess sem iðngreinar voru í auknum mæli kynntar fyrir stúlkum og drengjum í skólum, svo sem í gegnum Félag fagkvenna. Hún segir félagið leggja áherslu á að kynna iðnnám fyrir öllum kynjum og eyða staðalímyndum um bæði iðnaðarmenn og iðnnám.

Félagið sé ætlað konum í karllægum greinum hvort sem þær hafi lokið sveinsprófi, séu í námi eða bara að íhuga að fara í nám. Starfið hafi, eins og svo margt annað, verið með óhefðbundnu sniði á tímum Covid en nú sé Húsasmiðjan orðin



Það kemur svo fyrir að spurningar sem ætlaðar eru mér rata fyrst til strákanna á vinnustaðnum, en það má alveg hlæja að því.

Melkorka María Guðmundsdóttir, húsasmiður

bakhjarl félagsins og blásið verði til sóknar. Í félaginu séu nú um 75 fagkonur. Flestar komi þær úr byggingargreinum en lúmskt margar úr biliðngreinum auk þess sem svo megi þar finna fagkonur úr rafvirkjun, rafeindavirkjun, skrudgardyrkjju og vélstjórn svo eitthvað sé nefnt.

Húsasmiðurinn Melkorka María Guðmundsdóttir segir að sér þyki það eitt það besta við starf sitt að fá að sjá afrakstur vinnu sinnar eftir hvern dag. Hún hafi oft lent í því að ókunnugir spyrji hana hvort hún sé dóttir smíðsins. „Það kemur svo fyrir að spurningar sem ætlaðar eru mér rata fyrst til strákanna á vinnustaðnum, en það má alveg hlæja að því,“ segir hún.

Melkorka tekur fram að hún eigi góða reynslu af samstarfsmönnum sínum en þar sem hún hafi aldrei unnið með annarri konu sé félagskapurinn innan Félags fagkvenna henni sérlega mikilvægur og gott sé að geta leitað til annarra kvenna innan fagsins.

Margrét tekur undir þessi orð og segir starfið mikilvægt til að breyta staðalímyndum, vekja áhuga á iðngreinum, mynda ný tækifæri og auðvitað sé það líka svo skemmtilegt og gott að byggja upp meiri fagkvenskku í iðngreinum landsins. ■

Air Atlanta setur Iron Maiden-flugvélina frægu í geymslu

kristinnhaukur@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Íslenska fraktflugfélagið Air Atlanta hefur tekið Boeing 747-400 vélina TF-AAK úr loftinu og komið henni fyrir í geymslu. Vélin er betur þekkt sem Ed Force One og flaug með þungarokkssveitina Iron Maiden um allan heim fyrir nokkrum árum.

Aðdáendur hljómsveitarinnar fylgjast enn þá grannt með ferðum vélarinnar, sem notuð var á Book of Souls túrnum árið 2016. En Bruce Dickinson, söngvari sveitarinnar, er sjálfur flugmaður og flaug fyrir flugfélagið Iceland Express fyrir rúmum áratug. Þessi vél Atlanta var merkt í bak og fyrir með merki hljómsveitarinnar og hinu fræga



TF-AAK vakti mikla athygli.

MYND/JÓN KALDAL



Vélin var notuð á heimstúr sveitarinnar árið 2016.

lukkudýri hennar, Ed, á stélinu en þessar merkingar hafa síðan verið fjarlægðar.

Atlanta leigði Ed Force One til arabíska flugfélagsins Saudi Arabian Airlines árin 2016 til 2020. Félagið hefur notað hana síðan, meðal annars til að ferja aðdáendur íslenska landsliðsins í fótbolta til Ungverjalands. Síðast var hún notuð til að fljúga milli Hollands og Bandaríkjanna. Samfélag Iron Maiden-aðdáenda fylgdist alltaf með henni og margir mættu til að sjá hana taka á loft eða lenda.

Samkvæmt flugeftirlitssíðum var Ed Force One tekin úr notkun þann 15. apríl og fjórum dögum seinna sett í geymslu í bænum Kimble í vesturhluta Bretlands. ■

Feitasti hamborgarinn

Klassískur hamborgari er venjulega 15-20% fita, en þessi er 30%. Útkoman er líklega einn besti hamborgari á markaðnum í dag, gerður úr 100% íslensku nautakjöti. Hann nýtur sín best grillaður, þar sem fituhlutfallið er hátt. Þú hreinlega verður að smakka þennan!



Grill hamborgarinn
2 x 130 g

703 kr/pk
Verð áður 879

GRILL HAMBORGARINN



20%
afsláttur

Meira grill og góðgæti

HAGKAUP

Tilboð gilda út 24. apríl

100%
Hrein afurð



20%
afsláttur

Kjúklingabringur
Verð áður 2.849

2.279 kr/kg



15%
afsláttur

Lambaprime
Verð áður 4.099

3.484 kr/kg

100%
Hrein afurð



20%
afsláttur

Kjúklingaleggir
Verð áður 1.199

959 kr/kg



Nýtt

Nóa appelsínu kropp

499 kr/pk



Nýtt

Coca Cola Lime
Án sykurs, 500 ml

199 kr/stk



Nýtt

Prótein vöflur
Súkkulaði og vanillu

299 kr/stk

Óljós árangur hjá Rússum í hafnarborginni Mariupol

georg@frettabladid.is

ÚKRAÍNA Vladimir Pútín Rússlandsforseti hrósaði varnarmálaráðherra sínum, Sergej Shoígú, fyrir góðan árangur rússneska hersins í austurluta Úkraínu í gær. Á fundi sem sýndur var í beinni útsendingu á rússneskum ríkissjónvarpsstöðvum hrósaði Pútín ráðherranum sérstaklega fyrir að hafa tekið yfir hafnarborgina Mariupol, við Asovshaf.

Innrásarher Rússlands hefur setið um borgina í rúmlega tvo mánuði.

Sigur Rússa í Mariupol virðist þó ekki vera endanlega í höfn. Úkraínskt herlið er enn í borginni og heldur til í stálverksmiðju í borginni, ásamt óþekktum fjölda af óbreyttum borgurum. Fyrir skömmu skipaði Pútín herliði sínu að gera ekki árás á verksmiðjuna og kallaði eftir því að svæðið yrði girt af. Þá var haft eftir Joe Biden Bandaríkjaforseta að



Mariupol hefur legið undir stanslausum árásum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

árangur Rússa í Mariupol væri óljós. Ummælin komu skömmu eftir að yfirvöld í Bandaríkjunum tilkynntu um stórar viðbótar stuðningsaðgerðir til Úkraínu.

Viðtalið hefur verið í stöðugri endursýningu í rússnesku sjónvarpi og er talið vera liður í að telja íbúum þar í landi trú um að innrásin gangi vel fyrir sig. Að undanförunu hafa sérfræðingar og blaðamenn víða orðið varir við vísbendingar um

að afstaða almennra rússneskra ríkisborgara til innrásarinnar hafi versnað. Í gær sagði forstjóri rússneska olíurísans Lukoil af sér og telja margir það hafa verið gert í mótmælaskyni við innrás Pútíns. Fréttamiðillinn Reuters greindi frá því að stjórn Lukoil hefði fyrir nokkrum vikum sent frá sér tilkynningu þar sem kallað var eftir því að Rússland byndi enda á stríði sitt í Úkraínu. ■



Kappræður frambjóðendanna.

Macron og Le Pen tókust á í beinni

georg@frettabladid.is

FRAKKLAND Frakkar ganga til kosninga og velja sér forseta á sunnudag. Frambjóðendurnir sem etja kappi eru þeir sömu og í síðustu forsetakosningum, Emmanuel Macron og Marine Le Pen. Sitjandi forseta, Macron, tókst að sigra mótframbjóðanda sinn með miklum yfirburðum í síðustu kosningum en nú telja sumir Le Pen eiga meiri möguleika.

Nýjustu kannanir benda þó til þess að Macron verði endurkjörinn. Hann nýtur stuðnings á bilinu 55 til 57 prósent á meðan 42 til 45 prósent styðja Le Pen.

Þetta er í þriðja sinn sem Le Pen býður sig fram til forseta fyrir hönd hægriöfgaflokksins Rassemblement National, áður Front National.

Frambjóðendurnir mættust í sjónvarpskappræðum á þriðjudag og þótti mörgum álitsgjöfum Le Pen hafa staðið sig betur en í síðustu rökræðum sem fóru fram árið 2017. Á fréttamiðlinum France24 er sagt að um nokkurs konar hlutverkaskipti hafi verið að ræða, frá því að kappræðurnar voru haldnar síðast.

Macron gekk á mótframbjóðanda sinn, á meðan Le Pen hélt stillingu. Tekist var á um afstöðu Le Pen til múslima og búrkubanns. Þá vó Macron harkalega að Le Pen fyrir fjárhagsleg tengsl við rússnesk fjármálafyrirtæki og lán sem hún tók árið 2014 í banka með rússneskan bakgrunn. ■

Umræðan um öryggis- og varnarmál á Íslandi sé loks komin til að vera

Prófessor í stjórnmálafræði segir umræðu um varnarmál á Íslandi minni en í nágrennalöndunum á undanförunum árum. Það hafi þurft allsherjarinnrás Rússa til að koma henni almennilega af stað. Þó að áhugi almennings dvíni muni stjórnvöld halda henni áfram.

odduaevar@frettabladid.is

VARNARMÁL Baldur Þórhallsson, stjórnmálafræðiprófessor við Háskóla Íslands, segir umræðu um varnarmál á Íslandi komna til að vera, í hið minnsta meðal stjórnmálamanna og í stjórnsýslunni, jafnvel þó að áhuginn fari minnkandi meðal almennings.

„Núna liggur boltinn hjá íslenskum stjórnvöldum og bandalagsríkjum okkar í NATO,“ segir Baldur, spurður að því hvort hann sjái merki þess að áhugi á umræðu um varnarmál minnki eftir því sem fjær dregur upphafi stríðsins í Úkraínu.

„Þar er vinna hafin við að meta varnarþörf Íslands og á Norður-Atlantshafi, þannig að umræðan er komin til að vera meðal þeirra sem móta stefnuna, hvort og hvernig sem hún verður í almennri umræðu,“ segir hann.

Í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu jókst áhugi almennings á varnarmálum Íslands mjög, en Baldur segir það furðu sæta hve langt á eftir Norðurlandþjóðunum Íslendingar eru í þeirri umræðu.

„Allt frá því að Rússar réðust inn í Donbas-héruðin og tóku yfir Krímskaga frá 2014, hefur verið vaxandi umræða um varnarmál í Evrópu og nánast öll ríki Atlantshafsbandalagsins og Evrópusambandsins



Baldur telur Íslendinga eftirbátana hinna Norðurlandaþjóðanna í umræðunni um varnarmál.

MYND/KRISTINN INGVARSSON



Núna liggur boltinn hjá íslenskum stjórnvöldum og bandalagsríkjum okkar í NATO.

Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði við HÍ

hafa verið að styrkja varnir sínar,“ segir Baldur.

Hin Norðurlöndin hafi nýverið gert samninga sín á milli og við Bandaríkin, á ýmsum sviðum öryggis- og varnarmála. „Það kom mér alltaf dálítið óvart hvað mér þótti við vera miklir eftirbátar hvað þetta varðar,“ segir Baldur og vísar til árána eftir að Rússar tóku Krímskaga af Úkraínu og réðust inn í austurhéruðin.

„Bæði hvað það var í raun takmörkuð umræða í samfélaginu í kjölfar breyttrar stöðu í Evrópu vegna yfirgangs Rússa og líka í ljósi þess hvað helstu nágrennaþjóðir okkar voru að gera, sem ég sá hvorki merki um í umræðunni hér heima né í stefnumótun stjórnvalda.“

„Það er eins og þessi umræða fari ekki af stað heima fyrr en Rússarnir ráðast núna með allsherjarinnrás inn í Úkraínu,“ segir Baldur. Hann segir hingað til hafa verið

ákveðna tilhneigingu á Íslandi til þess að útvista stefnumótun í varnarmálum hérlendis til útlanda.

„Það sem ég hef verið að benda á í þessari umræðu, og mér hefur fundist mikilvægt, er að við byrjum að vinna heimavinnuna okkar og við byrjum að móta okkur þá stefnu hvernig við myndum helst vilja sjá vörnum Íslands fyrirkomið,“ segir Baldur.

Það hafi verið ríkt í umræðunni hér að leita álit Bandaríkjamanna. Bandaríkin telji loftrýmisgæslu við Ísland mikilvæga fyrir eigin varnir.

„Það getur verið að það sé mikilvægt fyrir okkur að vera með litla fasta öryggissveit sem kæmi til aðstoðar ef eitthvað kæmi hér upp á. Ég er ekki að segja að það sé nauðsynlega þörf á þessu, en við þurfum að ræða þetta, því það fer ekki endilega saman hvað öðrum bandalagsríkjum finnst og hvað okkur kannski endilega finnst.“ ■

Með þér styðjum við börnin



Eitt af þeim erfiðu viðfangsefnum sem blasa við þegar krabbamein greinist í fjölskyldunni, er að ákveða hvernig ræða eigi við börnin. Ráðgjafar Krabbameinsfélagsins veita foreldrum góð ráð um það hvernig best sé að miðla upplýsingum til barna. Jafnframt veitir fagfólk félagsins ráðgjöf til skóla og heilsugæslu varðandi stuðning við börn þegar foreldri deyr.

Takk, kærri Velunnari.
Með þér getum við gert svo ótalmargt.

NÝTT UPPHAF Í KAUPTÚNI

VORVINDAR LEXUS

SÝNING LAUGARDAGINN 23. APRÍL KL. 12-16

Sérfræðingar verða á staðnum og svara öllum spurningum um rafmagnsbíla Lexus og nýjustu stjórnuna, RZ 450e

LEXUS UX 300e

Fyrsti rafmagnsbíllinn frá Lexus. Konfekt fyrir augað og aksturinn er upplifun.

100% RAFMAGN

LEXUS RZ 450e

Við kynnum splunkunýjan og hugvittsamlega hannaðan rafmagnsbíl sem er væntanlegur innan skamms.

100% RAFMAGN

FORPÖNTUN

LEXUS NX 450h+

Nýjungar í tækni og nostursamleg smáatriði. Lúxusjeppi sem setur ný viðmið fyrir Plug-in Hybrid.

PLUG-IN HYBRID

Lexus-Ísland – Kaupþúni 6, Garðabæ – [lexus.is](https://www.lexus.is)

 **LEXUS**
EXPERIENCE AMAZING

Siðleysi



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Baráttudagur verkalyðsins, 1. maí, nálgast. Þann dag er forystufólk í verkalyðshreyfingunni afar málglatt og leggur ríka áherslu á samstöðu hinna vinnandi stétta um leið og það þylur upp hinar ýmsu misgjörðir vondu kapitalistanna í garð vinnandi fólks. Þúðri er síðan eytt í að sannfæra alþýðu manna um að forystumenn verkalyðshreyfingarinnar beri sanna umhyggju fyrir líðan og kjörum verkalyðsins.

Einmitt þennan dag á þessu ári er ómögulegt fyrir verkalyðsforystuna að tala á þessum nótum, nema hún vilji verða að athlægi frammi fyrir alþjóð. Þegar stjórn Eflingar, undir forystu Sólveigar Önnu Jónsdóttur, sagði upp öllu starfsfólki á skrifstofu stéttarfélagins þá opinberaðist um leið djúp mannfyrirlitning. Sólveig Anna og félagar kunna að skreyta sig með marxískum frösom og þykjast vera afskaplega hugsjónarík en þarna er einungis um að ræða innihaldslausan páfagaukalærdóm. Ef þetta fólk hefði raunverulegan áhuga á vellíðan vinnandi fólks þá hefði það horft sér nær og lagt sitt af mörkum til að skapa aðlaðandi andrúmsloft á skrifstofu Eflingar.

Hluti verkalyðsforystunnar hefur hagað sér nákvæmlega eins og „vonda kapitalistarnir“ sem hún er stöðugt að vara við. Hver á framvegis að geta tekið mark á þessu fólki? Stjórn Eflingar hefur rækilega tekist að gjaldfella verkalyðsbaráttuna.


Sólveigu Önnu er fyrirmunað að koma auga á eigin sök. Gagnrýni á uppsagnirnar og frásagnir starfsfólks af eigin vanlíðan flokkar hún blygðunarlaus sem vanstillta umræðu. Meðvirkni ýmissa verkalyðsforkólfa er síðan beinlínis aumkunarverð, ef ekki fyrirlitleg. Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, sem vanalega fordast ekki sviðsljósið, fór í felur og þegar loks náðist í hann gat hann ekki tekið afstöðu með fólki sem beitt var rangindum. Viðbrögð Vilhjálms Birgissonar, formanns Verkalyðsfélags Akraness, voru einnig snautleg en það tók hann ansi marga daga að stynja því út úr sér að stjórn Eflingar hefði gert mistök en um leið tók hann fram að hann bæri traust til Sólveigar Önnu.

Staðreyndin er sú að Sólveig Anna og vitorðsmenn hennar hafa stórskadað launabaráttu verkafólks. Sú barátta grundvallast á réttlætiskröfu og stendur á siðferðilegum grunni. Þessi framgangna, gerð í nafni Sólveigar Önnu, er siðlaus og brýtur gegn réttlætiskennend heidarlegs fólks. Hún mun ekki gleymast á verkalyðsdaginn. ■



Stjórn Eflingar hefur rækilega tekist að gjaldfella verkalyðsbaráttuna.

Halldór



Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

Annar í sumri

Alveg eru Íslendingar sér á báti í því að skera í sundur vinnuvikuna með stöku friddögum á borð við sumardeginn fyrsta, sem samkvæmt íslenskum þráa og einþykki getur alls ekki borð upp á annan dag en fimmtudag. Og þannig skal það vera um aldri alda, enda hefur sumaríð einmitt alltaf komið hér á norðurhjaranum á fyrsta fimmtudegi eftir 18. apríl – og ekki deginum seinna, enda héti það að gera lítið úr árstíðinni ef sumarbyrjunina bæri upp á föstudaginn þar á eftir. Það myndi enda stytta íslenska sumaríð um einn dag – og munar um minna.

Annar í öllu

En Íslendingar eru líka svo til eina þjóðin á þessari heimskringlu sem er með annan í öllu, annan í jólum, annan í páskum og annan í hvítasunnu, en svo, eins og það sé nú ekki til að æra almanakið, var í árdaga ákveðið að sleppa öðrum í sumri og öðrum í uppstigningardegi. Það kom aldrei til greina, enda sama godgáin og að færa þessa daga til í vikunni eins og flestar þjóðir gera með því að lengja helgina um einn dag. Nei, ekki á Íslandi. En gæti lausnin þá einmitt verið að búa til annan í sumri, eða er það kannski til að gera út af við íhaldssemína? En sem sagt, gleðilegan annan í sumri! ■

Betri borg fyrir börn



Skúli Helgason
borgarfulltrúi
Samfylkingarinnar og formaður skóla- og frístundaráðs

Reykjavíkurborg hefur tekið ótvíræða forystu í menntamálum síðustu ár og ber þar hæst menntastefnu borgarinnar sem vakið hefur athygli fyrir áherslu á námsrángur og læsi en jafnframt þætti sem auka velferð og bæta líðan barna, s.s. heilbrigði, félagsfærni, sjálfsefingu og sköpun.

Reykjavík hefur verið leiðandi í að bæta starfsumhverfi í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi og varið til þess yfir 5 milljörðum króna. Samfylkingin mun áfram leggja áherslu á bætt starfsumhverfi varðandi laun, starfskjör, húsnæði og annan aðbúnað enda er það forsenda þess að skólarnir í borginni séu eftirsóknarverðir vinnustaðir.

Frístundastyrkur hækki í 75 þúsund

Á nýju kjörtímabili skiptir mestu máli að jafna aðstöðu barna og styrkja sérstaklega stöðu barna sem eru í viðkvæmri stöðu. Við viljum hækka frístundastyrk í 75 þúsund með hverju barni og auka til viðbótar stuðning við börn fjölskyldna með þröngum efnahag. Við viljum auka fjármagn til skóla þar sem félagsleg og efnahagsleg staða foreldra er þröngri, auka stuðning við börn og tryggja að hann miðist við þarfir þeirra fremur en greiningar. Stuðninginn á að veita sem mest í nærumhverfi barna strax í leikskóla og á yngsta stigi grunnskóla í þéttu samstarfi skóla- og velferðarsviða úti í hverfum borgarinnar. Við höfum opnað 2 nýja leikskóla á þessu ári og opnum 6 til viðbótar á árinu til að geta boðið börnum frá 12 mánaða aldri í leikskóla, samhliða því að vinna með ríki og háskólum að því að fjölga kennaranemum og greiða leið starfsfólks til meiri menntunar.

Samfylkingin setur í forgang að efla geðrækt og heilbrigði barna og ungmenna og mun leita eftir samstarfi við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Geðhjálp og heilbrigðisfyrirvöld um virkar forvarnir og stuðning við börn sem finna fyrir kvíða, vanlíðan og þunglyndi. Markvissar aðgerðir strax í æsku til að efla geðrækt og andlegt heilbrigði munu spara háar fjárhæðir síðar meir og stuðla að góðu samfélagi fyrir okkur öll. ■



Við viljum hækka frístundastyrk í 75 þúsund með hverju barni.

Laugardaga kl. 10.00

Lífið er lag
Hagsmunir eldri borgara

HLAÐVARP

www.hotelbokanir.is/lifid-er-lag-hladvarp og á Spotify

Sigurður K. Kolbeinsson ræðir við ýmsa þekktu og óþekktu Íslendinga um lífið og tilveruna og sagðar eru skemmtilega sögur og frásagnir aftur í tímann sem mörgum kunna að þykja skemmilegar.

Margrét Dórothea Sigfúsdóttir er næsti gestur hlaðvarpsins.



Of seint?

Í dag

Guðmundur Steingrímsson



Á undanförunum mánuðum hafa komið út tvær æði merkilegar skýrslur. Ég veit að almennt fer fólk ekki á límingunum út af skýrslum. Fáir kalla saman fjölskyldufund út af nýrri skýrslu, kaupa blek í prentarann og prenta út skýrslu til að hafa á náttborðinu eða taka skýrslu með á djammið til að sýna vinunum. En þessar skýrslur eru engar venjulegar skýrslur.

Fyrri sagði: Hamfarahlýnunin er hafin af krafti og nú skulum við krossa fingur.

Seinni sagði: Við höfum þrjú ár til að snúa við þróuninni.

Hér á ég að sjálfsgöðu við tvær skýrslur Milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál, sem komu út annars vegar í ágúst og hins vegar nú í apríl. Þær eru hluti af svokallaðri sjöttu ritröð nefndarinnar, en á nokkurra ára fresti sendir nefndin frá sér viðamikil vísindalegt mat á stöðu loftslagsmála.

Þegar þessi nefnd segir að allt sé að fara norður og niður, þá er

allt að fara norður og niður. Öfgar í veðurfari verða tíðari, segir nefndin, flóð, stormar, þurrkar, uppskerubrestur og skógareldar verða nyr veruleiki milljarða jarðarbúa. Stór og mannmörg svæði geta orðið óbyggileg mannfólki, með tilheyrandi fólksflutningum, dauðsföllum, örbirgð, hungri og pólitískum óstöðugleika. Margföldunaráhrif þessara breytinga á lífsskilyrði á jörðinni geta orðið gríðarleg og mörg ófyrirsjáanleg.

Og þetta er semsagt byrjað, segir nefndin. Athygli vakti hins vegar að skýrslur þessar vöktu ekki gríðarleg viðbrögð. Nú bregður svo við, að margir spyrja sig hvernig þessari nefnd gangi nú að vekja heimsbyggðina til umhugsunar um hvert stefnir.

„Ég veit ekki af hverju við erum að þessu,“ sá ég að einn erlendur vísindamaður og skýrsluhöfundur skrifaði, í lauslegri þýðingu, á Twitter í tilefni af seinni skýrslunni. „Skiptir þetta einhverju máli?“

Það er ekki undarlegt að sérfræðingar horfi vonlitlir í gaupnir sér. Loftslagsmálin með tilheyrandi hamfarahlýnun eru í raun hætt að vera áhugavert rannsóknarefni. Þau eru einfaldlega að gerast. Punktur. Um þau ríkir lítill vafi. Líklega er það orðið mun áhugaverðara rannsóknarefni af hverju ríki heimsins, almenningur, fyrirtæki og einstaklingar bregðast ekki við eins og tilefni er til. Í rauninni ætti heimsbyggðin



Þetta reddast hefur auðvitað aldrei beinlínis virkað nema vegna þess að fólk hefur jú gengið í það að redda.

að hafa hætt að nota jarðefnaeldsneyti ekki síðar en í gær.

Vissulega þurfa áætlanir að vera raunhæfar og skiljanlegt er upp að vissu marki að hlutir gátu ekki gerst í gær, en spurningin er áleitin engu að síður: Hvers vegna eru viðbrögðin við þessari ógn svona hikandi og hæg? Dæmi: Joe Biden ætlaði að blása til meiri háttar aðgerða í loftslagsmálum í upphafi stjórnartíðar sinnar. Nú leitir hann leiða til að framleiða meiri olíu.

Loftslagsmálin varða ekki fólk strax, er sagt. Og þó það sé ekki rétt, virðist samt fullyrnt meðvitað eða ómeðvitað að annað sé meira aðkallandi. Stjórnvöld eru upptekin í krísum samtímans. Innrásin í Úkraínu. Covid. Íslandsbanki. Þjóðarhöll. Dauðar hænur.

Umhverfismálin eru orðin eins og stútfull geymsla sem enginn nennir að fara inn í lengur. Það er svo mikið annað að gera. Meira drasli er bara troðið þarna inn og nú er að myndast mygla. Líklega er stutt í að einhvers konar skrímsli verði til í þessu rusli. Það heyrast torkennileg hljóð, og á heitum dögum leggur ömurlegan fnyk þaðan.

Hamfarahlýnunin mun setja mark sitt á okkar æviskeið og afkomenda okkar. Það gerðist í fyrsta skipti á loftslagsráðstefnunni í París árið 2015 að talað var af alvöru um aðlögunaraðgerðir vegna hamfarahlýnunar. Fram að því var meira talað um fyrirbyggj-

andi aðgerðir. Nú er svo komið að mögulega verður hið allra hörmulegasta fyrirbyggt, en ekki síður þarf að huga af fullri einurð að aðlögun að því sem þegar er að gerast.

Íslendingar hafa kannski aldrei haft mikinn skilning á brjáladisköstum vegna uppsafnaðra verkfæna. Manneskja sem óskrar á fólk að taka þurfi til í geymslunni er ekki líkleg til að uppskera meira en hnus úr nös og kaldhæðid brost út í annað. „Slakaðu á. Óþarfi að æpa.“ Þannig er alla vega staðalmyndin. Með krosslagðar hendur situr fólk fremur yfir kaffibolla sínum í eldhúskróknum í þögulli pásu frá amstrinu, dæsir kannski smá út af því sem gera þarf, hádegisfréttir í útvarpinu, vindur gnauðar, en úr svipbrigðum augnanna stafar hið fornkveðna, einhvers konar blanda af uppgjöf, viðurkenningu á eigin augljósa vanmætti og líka furðulegri, en einlægri trú á örlögin og að þau séu okkur mögulega eftir allt saman hjálpleg. Kannski er heimsbyggðin komin á þennan stað:

Þetta reddast.

Ef til vill er hægt að byggja á því viðmóti von. En meira þarf samt til. Þetta reddast hefur auðvitað aldrei beinlínis virkað nema vegna þess að fólk hefur jú gengið í það að redda. Það hefur sagt jæja yfir kaffibolla sínum og staðið upp.

Og nú er komið að því. ■

HYUNDAI NOTAÐIR

Nú getur þú skoðað toppointök af notuðum HYUNDAI á sérhönnuðu sýningarplani.

Hyundai eru annálaðir fyrir góða endingu, bílarnir eru með eina þá lægstu bilanatíðni sem um getur á undanförunum árum og er ábyrgð framleiðanda ein sú viðtækasta og lengsta á markaðnum.

ALLT AÐ 7 ÁRA ÁBYRGÐ!



Rnr. 333896

HYUNDAI i20 Comfort
Nýskr. 02/21, ekinn 13 þ.km, bensín, sjálfskiptur.

VERÐ:
3.090.000 kr.



Rnr. 149092

HYUNDAI Tucson Comfort
Nýskr. 04/19, ekinn 70 þ.km, dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:
4.890.000 kr.



Rnr. 370027

HYUNDAI Santa Fe IV Style
Nýskr. 05/20, ekinn 36 þ.km, dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:
7.690.000 kr.



Rnr. 432488

HYUNDAI KONA EV Premium 64kWh
Nýskr. 09/20, ekinn 24 þ.km, rafmagn, sjálfskiptur.

VERÐ:
5.290.000 kr.



Rnr. 333830

HYUNDAI Tucson Premium
Nýskr. 06/20, ekinn 14 þ.km, dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:
6.390.000 kr.

OPNUNARTÍMI:
Mánudaga 10-18, þriðjud.-fimmtud. 9-18,
föstudaga 9-17, laugardaga 12-16

Hyundai notaðir og Bílaland
Krókhálsi 7, 110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

HYUNDAI
NOTAÐIR

Merkisatburðir

1529 Austurveili jarðar er skipt milli Spánar og Portúgals með Saragossasáttmálanum.

1870 Lenin, rússneskur byltingarleiðtogi, fæðist.

1906 Sérstakir auka Ólympíuleikar eru settir í Aþenu í tilefni af tíu ára afmæli nútíma Ólympíuleikanna.

1917 Jón Helgason er vígður biskup.

1918 Konur eru kosnar í fyrsta skiptið til Þjóðþings Danmerkur í þingkosningum.

1937 Bandaríski leikarinn Jack Nicholson fæðist.

1944 Bresk flugvél ferst rétt við nýja stúdentagarðinn í Reykjavík, Nýja Garð. Öll áhöfnin ferst með vélinni.

1950 Leikritið Íslandsklukkan eftir Halldór Kiljan Laxness er frumsýnt í Þjóðleikhúsinu.

1967 Víðir Reynisson, yfirlöggregluþjónn almannavarnarsviðs ríkislögreglustjóra, fæðist.

1970 Dagur jarðar haldinn hátíðlegur í fyrsta skipti.

1978 Ísrael sigrar í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva með laginu A-Ba-Ni-Bi.

2001 Bandaríska teiknimyndin **Shrek** er frumsýnd.

2016 Á þessum degi hafa 175 lönd undirritað Parísarsamkomulagið.



KK var 35 ára gamall þegar hann sendi frá sér Lucky one.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fagnar frumrauninni með afmælistónleikum

Tónlistarmaðurinn KK fagnar þrjátíu ára afmæli plötunnar Lucky one með tónleikum í Háskólabíói í kvöld.

arnartomas@frettabladid.is

„Ég hafði búið í þrettán ár í Svíþjóð og hafði þvælst um götur Evrópu og spilað áður en ég kom heim 1990 með heilmikið af lögum í farteskinu,“ segir tónlistarmaðurinn KK sem treður upp í Háskólabíói í kvöld. „Ég fer í stúdíó ári síðar ásamt Eyþóri Gunnars mági mínum þar sem við tókum upp Lucky one sem var min fyrsta plata.“

Lucky one vakti mikla lukku hjá gagnrýndum og hlustendum. Platan náði gullsölu enda hafði hún fengið góða dóma og mikla spilun í útvarpi og skaut KK rakkleitt inn í íslensku tónlistarsenuna þar sem hann situr enn sem fastast.

„Þetta féll vel í kramið hjá landanum og var ferskt blóð í þennan litla pott sem Ísland getur verið stundum,“ segir hann. „Ég var búinn að vera erlendis svo lengi og kom beint af götunni inn í stúdíó.“

Hann var þó ekkert unglamb þegar hann gaf frá sér þessa vel heppnuðu frumraun, 35 ára gamall.

„Ég hitti svo mikið af krökkum í kringum þritugt sem kvarta undan því að finnst þau ekki hafa gert neitt í lífinu,“ segir hann hlæjandi. „Það er nægur tími! Manni finnst maður svo oft vera fastur í einhverri rútinu og að hlutirnir séu búnir en það er langt frá því.“



Lagið varð til á staðnum

KK á margar góðar minningar frá upptökum á plötunni en segir sögu titillagsins, Lucky one, vera sérstaklega kæra.

„Lagið varð til í stúdíóinu. Ég hafði aldrei spilað það áður og strákarinn höfðu þess vegna auðvitað aldrei heyrt það,“ segir hann. „Ég byrjaði að spila á gítarinn, bara eitthvað að djamma þegar við vorum að bíða, og strákarinn taka undir. Við höldum keyrslunni áfram og spiluum heilt lag. Eyþór hafði verið með upptökuna í gangi svo við tókum upp lagið um leið og það var samið.“

KK hefur síðan reynt að endurtaka leikinn, án árangurs.

„Svona lagað skeður bara þegar maður veit ekki af því,“ segir hann og hlær.

”

Manni finnst maður svo oft vera fastur í einhverri rútinu og að hlutirnir séu búnir en það er langt frá því.

Í tilefni af tímamótunum hóaði KK saman upprunalega hópnum sem kom að plötunni og kemur fram á tónleikum í kvöld. Þar verður Eyþór Gunnars á hljómborði, Þorleifur Guðjónsson á bassa, Guðmundur Pétursson á gítar, Sigtryggur Baldurs og Matthías Hemstock á trommum auk Ellenar Kristjáns sem syngur samhliða KK.

„Við ætlum að leika hin ýmsu lög sem fólk þekkir og vill heyra. Það er mjög góður filingur og allir í skýjunum.“

Tónleikarnir hefjast klukkan 20 á morgun. Miðasala fer fram á tix.is ■

Vigdísarstofnun fagnar fimm ára afmæli

arnartomas@frettabladid.is

Vigdísarstofnun fagnar fimm ára afmæli sínu í dag en hún var stofnuð á sumardaginn fyrsta 2017. Þann sama dag var Veröld – hús Vigdísar formlega tekið í notkun.

Samhliða tímamótunum fagnar stofnunin einnig Alþjóðlegum áratug frumbyggjatungumála þar sem leitast verður við að skipuleggja rannsóknir, ráðstefnur og fleiri viðburði sem helgaðir verða fámennistungumálum. Sérstök áhersla verður á menningu og tungumál Sama, Ínúíta og Rómafólks.

Þá verður margmiðlunarsýningin Mál í mótun einnig opnuð í Veröld – húsi Vigdísar í dag. Hún fjallar um tungumál heimsins og var sett upp í samstarfi við Gagarín og andrúm arkitekta. ■



Veröld – hús Vigdísar var formlega tekið í notkun sumardaginn fyrsta 2017.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ingigerður Dóra Porkelsdóttir

Bröttugötu 4, Hólmavík,


lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Hólmavík miðvikudaginn 13. apríl. Útför hennar fer fram frá Hólmavíkurkirkju mánudaginn 25. apríl kl. 13.00.

Margrét Árný Halldórsdóttir

Porkell Örn Ólason
Björn Valur Ólason
Sigríður Óladóttir

Kristina Musiichenko
Gunnlaugur Bjarnason
barnabörn og barnabarnabörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkyningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



FÖSTUDAGUR 22. apríl 2022

KYNNINGARBLAÐ

LISTA
HÁTÍÐ

Gæðum venjulega hluti
töfrum og uppgötvum
töfrana í umhverfi okkar



Sýningar
og vinnusmiðjur
fyrir alla



Dagskrá og allar
nánari upplýsingar
á vatnsdropinn.is



29. apríl
kl. 12-15

Kópavogsbær



Krakkarnir sem taka þátt í listahátíðinni Vatnsdropanum í Kópavogi hlakka mikið til að sýna gestum og gangandi afrakstur sinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Vatnsdropinn - listahátíð barna og norrænna bókmennna í Kópavogi

Hvað gerist þegar við hugsum um náttúruna sem sögupersónu eða söguhetju í staðinn fyrir söguvið? Þetta er viðfangsefni ungra sýningarstjóra í Kópavogi en útkomuna má sjá á sýningum og viðburðum á listahátíð Vatnsdropans á morgun, laugardag, milli kl. 12 og 15. **2**

Vatnsdropinn er alþjóðlegt samstarfsverkefni sem Kópavogsbær stofnaði til í samstarfi við H.C. Andersen-safnið í Danmörku, Múmínsafnið í Finnlandi og Undraheim Ilon Wikland skóp myndheiminn í mörgum af bókum Astrid Lindgren. Verkefnið er til þriggja ára og snýst um að valdefla börn, gera þau að virkum þátttakendum í starfi menningarstofnana sem ungum sýningarstjórum og vinna að menningarverkefnum fyrir börn. Vatnsdropinn hverfist um norrænar barnabókmenntir í tengslum við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og umhverfismál. Listahátíðin á morgun er afrakstur vinnu ungra sýningarstjóra en þar hafa börnin notið leiðsagnar Jóhönnu Asgeirsdóttur listakonu.

Ljóðabók náttúrunnar

Hédinn Halldórsson og Agla Björk Egilsdóttir settu saman Ljóðabók náttúrunnar með myndum eftir Hédin og Ljóðum eftir Öglu. Bókina verður hægt að sjá á Bókasafni Kópavogs á listahátíðinni. Þau segjast bæði hafa viljað gera verkefni sem tengdist fuglum og náttúru.

„Hédinn var ákveðinn í að teikna fugla og ég vildi skrifa um þá svo við ákváðum að gera ljóðabók saman,“ útskýrir Agla. „Við fórum í göngutúr einn daginn allur hópurinn og skoðuðum náttúruna sem sögupersónu, eins og við værum að uppgötva hana í fyrsta sinn og það var mjög skemmtilegt.“



Frá vinstri: Elena Ást, Karen Sól, Ágústa Lilly, Lóa og Sóllilja bjóða upp á hlaðvarpið Dropann, um dýr í útrýmingarhættu. Á myndina vantar Birtu Mjöll.



Brynja og Sigurlín unnu með lífræna ræktun og matarsóun.



Hédinn og Agla Björk skrifuðu Ljóðabók náttúrunnar og myndskreyttu.



Þóra Sif og Inga Briet með ljósmyndirnar sínar.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

Hédinn bætir við að honum finnst fuglar mjög áhugaverðir. Þau hafi byrjað á að lesa og kynna náttúrunni og fuglategundum á Íslandi en síðan viljað skapa sitt eigið verkefni. „Við þurfum að þekkja náttúruna á Íslandi til að geta verndað hana og það er til fleiri en ein leið til þess. Náttúran er áhugaverð ef þú gefur þér tíma til að skoða hana.“

Þau hvetja alla krakka til að gefa náttúrunni gaum og skoða hana sem sögupersónu, hvað hún hafi að segja og hvernig henni líði.

„Svo ætla ég að vera með skúlptúrvinnusmiðju fyrir alla á morgun þar sem hægt verður að skapa skúlptúra úr afgangsefni. Þar ætla ég að breyta gömlum stól í dýr,“ segir Hédinn.

Óboðinn gestur; ljósmynda-sýning og listræn plockáskorun

Þar Inga Briet Valberg og Þóra Sif Óskarsdóttir sýna ljósmyndir sem hverfast um ruslið í náttúrunni en verkin verður hægt að sjá á neðri hæð Gerðarsafns.

„Sýningin heitir Óboðinn gestur því að ruslið er ekki velkomið inn á heimili náttúrunnar,“ segja þær um ljósmyndir sínar sem þær tóku af rusli á víðavangi, mynduðu sér að þær væru náttúran og að náttúran fengi rödd.

„Við viljum að þú horfir á myndirnar og ímyndir þér sögu ruslsins,“ segir Þóra Sif og Inga Briet bætir við að þær vilji líka spyrja spurninga eins og hvernig og hvenær ruslið hafi endað þarna, hvernig fólki líði við að horfa á ljósmyndirnar og hvort það sjái munstur í ljósmyndunum.

Þær segja að allir geti farið út og tekið myndir af því sem þeir sjá daglega í hversdeginum og hvetja alla til að nýta tækifærið nú þegar plockdagurinn er fram undan og taka myndir af óboðnum gestum í náttúrunni, merkja þær #vatnsdropinn og búa þannig til listsýningu á samfélagsmiðlum.

„Markmiðið með sýningunni okkar er að gera ógeðið fallegt,“ segja þær báðar einum rómi að lokum.

Matargat

Matargat er niðurstaða skapandi ferlis sem ungu sýningarstjórnir Brynja S. Jóhannsdóttir og Sigurlín Viðarsdóttir fóru í gegnum með ýmsum sérfræðingum og listamönnum. Ferlið hófst þegar þær tengdu sögur H.C. Andersen sem fjalla um náttúruna sem sögupersónur við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og umhverfismál.

„Við vildum vita meira um mat, hvaðan hann kemur, hvaða áhrif matarframleiðsla hefur á umhverfið og hvernig hægt er að minnka mengun af völdum matar-

framleiðslu,“ útskýrir Sigurlín. Á þessari vegferð kynntust þær lífrænni ræktun. Hvort sem valið er að kaupa lífrænt eða rækta heima hjá sér áttuðu þær sig á að þetta er miklu einfaldara en maður heldur. Þannig settu þær saman bæklinginn Matargat til að fleiri gætu lesið sér til um það sem þær lærðu hjá sérfræðingunum.

„Matargat er bæklingur fyrir krakka til að læra um lífræna ræktun, fræ og hve langan tíma það getur tekið að rækta,“ segir Brynja og bætir við: „Og svo verðum við með vinnusmiðju þar sem við gefum fræ og ráð fyrir alla krakka sem vilja læra um ræktun.“

Matargat er hvatning þeirra Sigurlínar og Brynju til barna og fullorðinna um að hugsa betur út í það hvaðan maturinn okkar kemur og gera kröfu um að hann mengi sem minnst.

Hlaðvarpið Dropinn

Þegar ungu sýningarstjórnir veltu náttúrunni fyrir sér fóru nokkrir þeirra að skoða dýravernd og spyrja spurninga um dýr á Íslandi sem eru í útrýmingarhættu. Krakkarnir skoðuðu bækur á Bókasafni Kópavogs, hittu sérfræðinga um mál-efnið og ræddu uppáhaldsdýrin sín. Hópurinn stækkaði og að lokum var ákveðið að vinna að hlaðvarpi þar sem hægt væri að spyrja sérfræðinga og leyfa öðrum að læra um dýr og vistkerfið í leiðinni.

Það eru þær Ágústa Lilly Valdimarsdóttir, Birta Mjöll Birgisdóttir, Elena Ást Einarsdóttir, Karen Sól Heiðarsdóttir, Lóa Arias, Matt-hildur Danielsdóttir og Sóllilja Þórðardóttir sem stýra hlaðvarpinu Dropanum.

„Okkur er annt um dýr og vildum læra meira um þau,“ segir Sóllilja.

Birta segir að hún hafi alltaf verið hrifin af dýrum. „Þegar við fórum að tala um dýr og náttúruna þá vildi ég vera með í þeim hópi.“

„Við skrifuðum spurningar og ræddum svo við Jóhannes lífræðing og tókum svo hlaðvarpið upp sjálfar,“ útskýrir Matthildur.

Þær segjast allar hafa lært mikið um dýr í útrýmingarhættu á Íslandi því það sé svo sjaldan talað um þau – bara þessi í útlöndum.

Upptökur úr hlaðvarpinu verður hægt að finna víðs vegar um Náttúrufræðistofu Kópavogs og Bókasafn Kópavogs.

Listahátíðin verður opnuð á morgun, laugardag, klukkan 12 og stendur til klukkan 15. Sýningar hinna ungu sýningarstjóra standa uppi næstu vikuna og hvetjum við alla til að kíkja við.

Það er svo gaman að segja frá því að Lína Langsokkur ætlar að koma klukkan 14 á listahátíðina og vera með leiðsögn um hátíðarsvæðið, eins og henni einni er lagið. ■

23. apríl
kl. 12–15



LISTAHÁTÍÐ

#vatnsdropinn

Gæðum venjulega hluti töfrum og uppgötvum töfrana í umhverfinu okkar. Á Vatnsdropahátíðinni sést hvernig menning og umhverfismál tvinnast saman, hvernig ástsæl ævintýri hafa boðskap að bera um hvernig við eigum að koma fram við hvert annað og náttúruna. Hvað gerist þegar við hugsum um náttúruna sem sögupersónu, söguhetju, í staðinn fyrir sögusvið?

Lína Langsokkur
verður með leiðsögn
um hátíðina kl. 14:00

SMÍÐJUR

SKÚLPTÚRSMÍÐJA - ÚTISVÆÐI

Umbreytum ónýtum húsgögnum, afsöguðum greinum og afgangstimbri í ævintýrapersónur og furðuskepnur.

MATARGAT - ÚTISVÆÐI

Hvaðan kemur maturinn okkar? Hvað getum við ræktað heima, í garðinum eða stofuglugganum? Forvitnileg smíðja um hringrás lífrænnar ræktunar þar sem við sáum fræjum og smökkuðum.

FUGLASMÍÐJA - BÓKASAFN

Nýtum fundin efni til að föndra fugla og fræðumst um íslenskt lífríki í leiðinni.

LAUFSCRÚÐ TRJÁNNA - NÁTTÚRUFRÆÐISTOFA

Rannsókom blaðfór og fræðumst um tré í skemmtilegri uppgötvunarsmíðju.

FANN ÉG Á FJALLI - NÁTTÚRUFRÆÐISTOFA

Skreytum og málum okkar eigin töfrasteina.

HÉR Á ÉG HEIMA - NÁTTÚRUFRÆÐISTOFA

Hver býr hvar? Finnum búsvæði dýra og plantna í íslenskrí náttúru.

SÝNINGAR

ÓBOÐINN GESTUR - GERÐARSAFN

Ljósmynda-sýning og listræn plockáskorun.

LJÓÐABÓK NÁTTÚRUNNAR - BÓKASAFN

Lifandi bókverk.

DROPINN - NÁTTÚRUFRÆÐISTOFA

Hlaðvarp um lífríki Íslands og dýr í útrýmingarhættu.





MATARGAT - NÁTTÚRUFRÆÐISTOFA

Viltu rækta mat heima? Byrjaðu hér!

TÓNLEIKAR

JAZZBADASS - GALURINN KL. 13:00

Jazzsögustund fyrir fjölskyldur, fróðleiksmolar, landafræði og spurningakeppni þar sem sigurvegarinn er krýndur jazzbadass!



Út að hjóla

FÖSTUDAGUR 22. apríl 2022

KYNNINGARBLAÐ

Kynningar: Pruman, Tryggingamiðstöðin, Berlín, Pocket Pedals.



Gottskálk Daði Bernhöft Reynisson, innkaupa- og viðskiptastjóri Prumunnar, segir að markmiðið sé að þar finni allir hjól við sitt hæfi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Pruman hjálpar þér að finna rétta hjólið

Pruman býður upp á stórglæsilegt úrval af rafhlaupahjólum, rafmótorhjólum og alls kyns aukabúnaði og leggur mikla áherslu á að allir viðskiptavinir gangi út með hjól sem hentar þeim. Verslunin býður líka upp á viðgerðir á vörum sínum og er að bæta þremur nýjum merkjum við úrvalið í sumar. **2**

Þruman er sérværslun með farartæki framtíðarinnar. Helsta áhersla þrumunnar eru rafhlaupahjól og er úrvalið eitt það breiðasta á Íslandi. Þruman er innflytjandi og umboðsaðili fyrir fimm mismunandi rafhlaupahjólamerki og selur rafhlaupahjól á breiðu verðbili, frá 69.990 krónum og upp í 599.990 krónur, en auk þess selur þruman rafmótorhjól og rafdrifin mótorkrosshjól fyrir börn 3 til 11 ára.

„Þruman var opnuð vorið 2019 og frá fyrsta degi hefur stefna okkar verið að selja vandaðar vörur á góðu verði, veita einstaka þjónustu og að setja þarfir viðskiptavinarins í fyrsta sætið,“ segir Gottskálf Daði Bernhöft Reynisson, innkaupa- og viðskiptastjóri þrumunnar.

Vilja uppfylla þarfir viðskiptavina

„Við kappkostum að öll þjónusta sé eins fullkomin og hægt er. Þetta þýðir að við eyðum góðum tíma með hverjum viðskiptavini til að tryggja að hver og einn gangi út með hjól sem hentar, í staðinn fyrir að reyna að selja öllum dýrasta hjólið,“ segir Gottskálf. „Markmiðið er að hjá okkur finni allir hjól við sitt hæfi, sem hentar notkunar-mynstri og þörfum þeirra.

Við leggjum mikla áherslu á að segja satt og rétt frá, þar sem hornsteinn þjónustunnar okkar er að allir viðskiptavinir séu vel upplýstir varðandi hjólið sem á að kaupa og hafi ekki óraunhæfar væntingar til hjólsins,“ segir Gottskálf. „Við leggjum einnig ríka áherslu á skjóta og góða þjónustu ef eitthvað kemur upp á. Það felur í sér stuttan biðtíma á þjónustuverkstæðinu, réttar bilanagreiningar og síðast en ekki síst að eiga alla varahluti til á lager, svo hægt sé að þjónusta öll mál fljótt og örugglega.

Að auki erum við með dygga viðskiptavini sem við höfum til að mynda farið í hlaupahjólátúra með og það stendur til að gera meira af því í sumar,“ segir Gottskálf. „Einnig erum við að skipuleggja námskeið í sumar til að kenna fólki grundvallaratriðin varðandi öryggi, notkun og viðhald rafhlaupahjóla.“

Sífelld fleiri sjá kosti þess að nýta rafhlaupahjól

„Rafhlaupahjól eru að verða mjög vinsæll ferðamáti þar sem fleiri og fleiri átta sig á kostum þeirra, sem eru jafn ólíkir og þeir eru margir,“ segir Gottskálf. „Að keyra um á rafmagnni er að sjálfsgöðu stór hluti af vinsældunum, þar sem margir eru að leggja bílnum og skipta yfir í grænni ferðamáta sem minnkar bæði bensínreikninginn og kolefnisfótsporid.“

Að auki eru flest rafhlaupahjól in fyrirferðarlítill og henta því vel í innanbæjarakstur sem auka farartæki á heimilið, þar sem flestum hjólum er auðvelt að pakka saman og setja í skottið,“ segir Gottskálf. „Við sjáum mikið af fólki sem fær sér rafhlaupahjól í stað annars bíls eða strætókorts, og margir eru að leggja bílnum og skipta alfarið yfir í þennan ferðamáta.

Rafhlaupahjól in eru klárlega vinsælust að sumri til, þegar hjólastígar eru auðfærir og veðrið hefur minni áhrif. Það er allt farið á fullt hjá okkur núna eftir að snjórinn fór að hverfa og þetta sumarið höfum við tjaldað öllu til – verslunin er stúf full af hjólum og enn er að bætast í, auk þess sem við eignum skemmtilegt sumar í vandum með fullt af uppákomum og skemmtilegheitum.

Svo erum við líka með nóg af vetrarlausnum sem hafa gert mjög stórum hópi fólks kleift að nota rafhlaupahjól in allan veturinn, en



Super Soco hjólin eru mjög vinsæl og vönduð rafmótorhjól.



Torrot hjól eru mjög vönduð evrópsk hjól sem eru þægileg og auðveld í notkun.

við bjóðum til dæmis upp á nagladekk og hanska með innbyggðum hitara, svo eitthvað sé nefnt,“ segir Gottskálf.

Frábær rafmótorhjól í boði

„Við erum með eitt mesta úrvalið sem finnst á Íslandi og bjóðum líka upp á frábær rafmótorhjólamerki eins og Torrot og Super Soco,“ segir Guðni Kristjánsson, eigandi og framkvæmdastjóri.

„Torrot hjól eru mjög vönduð evrópsk hjól frá fyrrverandi framleiðanda Gas Gas á Spáni. Þetta eru bestu byrjendahjól in fyrir krakka sem vilja byrja í mótorkrossi og það þarf ekkert að standa í því að blanda bensín, skipta um olíu, hreinsa síur, sinna mótörviðgerðum eða bregðast við lekum og lykt,“ útskýrir Guðni. „Það er hægt að stjórna þeim og aðlaga kraftinn í þeim með appi og hægt er að flytja hjólið með hvaða bíl sem er, því það er hægt að leggja það á hliðina án þess að bensín leki úr því.

Undanfarin ár hefur komið mjög góð reynsla á þessum hjólum hér heima,“ segir Guðni. „Torrot uppfærði hjólin líka töluvert fyrir ekki svo löngu og núna eru þau komin með útskiptanlega

rafhlöðu, svo það er hægt að hafa eina fullhlaðna með og skella henni í með einu handtaki í stað þess að þurfa að hætta að nota hjólið.

Svo erum við líka með breitt úrval af vönduðu Super Soco hjólunum, bæði flottum rafmótorhjólum og rafvespum,“ segir Guðni. „Við verðum einnig með gott úrval af 25 km gangstéttarhæfum mótörhjólum, en fyrir þau þarf engar tryggingar og ekkert próf og það er bara 13 ára aldurstakmark.“

„Úrvalið okkar er mjög breitt svo allir geta fundið sér hjól við hæfi hjá okkur. Þó vissulega séu dýrari hjólin vinsælli og þá sérstaklega hjá áhugafólki um rafhlaupahjól og þessa grænu ferðabyltingu sem er að eiga sér stað,“ segir Gottskálf. „En hjá okkur finnurdú rétta hjólið fyrir þig, óháð kyni, þyngd eða aldri, og stefnan okkar er að keyra frekar alltaf á góðum verðum í staðinn fyrir að veita afslætti og vera með tilbod – hjá okkur eru allir á vinadílum.“

Þrjú spennandi ný merki að koma inn núna í sumar

„Þetta sumarið erum við að bæta við okkur þremur rafhlaupahjól-

Gottskálf segir að helsta áherslan hjá þrumunni sé á rafhlaupahjól og að úrvalið sé eitt það breiðasta á Íslandi, en þruman er innflytjandi og umboðsaðili fyrir fimm mismunandi merki.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Hjá þrumunni er hægt að fá allan nauðsynlegan aukabúnað.



Rafhlaupahjól eru að verða mjög vinsæll ferðamáti þar sem fleiri og fleiri átta sig á kostum þeirra, sem eru jafn ólíkir og þeir eru margir.

Gottskálf Daði Bernhöft Reynisson

merkjum, Vsett, Blade og Nami, sem eiga það sameiginlegt að vera ný merki á markaðnum sem eru öll að koma fánlega öflug inn,“ segir Gottskálf. „Vsett hlaupahjól in hafa verið að fá þannig viðtök úti að við höfum sjaldan fundið jafn mikla spennu fyrir hlaupahjólum, en þau komu á lager fyrir um mánuði síðan og hafa rokið út. Öflugasta Vsett hjólið hefur uppgefna drægi allt að 220 km, sem eru ótrúlegar tölur, jafnvel þó uppgefið drægi sé sjaldnast raunin við raunverulegar og sérstaklega íslenskar aðstæður með mikið af brekkum og mótívindi.

Nami hlaupahjól in eru svo algjör tryllitæki sem láta ekkert stoppa sig og eru með þeim fremri

hvað varðar útbúnað hjóla. Sem dæmi má nefna TFT-skjá sem sýnir töluvert meira magn af upplýsingum varðandi hjólið og aksturinn en áður hefur verið, carbon fiber stýrisstöng, fjögurra stimpla bremsudælur, stýrisdempara, þumalinngjöf og svo mætti lengi telja,“ útskýrir Gottskálf. „Þetta eru frábær hlaupahjól fyrir lengra komna.

Svo eru Blade að byrja í forsölu hjá okkur og þau eru að koma ótrúlega sterk inn með frábæra eiginleika og lága verðpunkta,“ segir Gottskálf.

„Þessi merki bætast við Kaabo, sem hefur algjörlega slegið í gegn hér á landi og er vel þekkt innan rafhlaupahjólaserunnar sem sterkasta merkið. Þetta sumarið bætist nýtt hjól við Kaabo úrvalið, en Wolf King GT hlaupahjól in sem margir hafa beðið lengi eftir er loksins komið til landsins. King GT er algjört skrimslí með drægi allt að 180 km og svo má nefna þumalinn-gjöf, run-flat dekk og glussa-bremsur, sem gera hjólið eitt það glæsilegasta í sölu hjá okkur.“ ■

Þruman er með sýningarsal að Há-túni 6B í Reykjavík, sem er opin allra virka daga frá kl. 13.00 – 17.00. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni, thruman.is, og á Facebook-síðunni [facebook.com/thruman.is](https://www.facebook.com/thruman.is).

Hjólreiðatrygging TM er hugsuð fyrir þig

Hjólreiðatrygging TM tryggir hjólið þitt fyrir skemmdum og þjófnaði og þig fyrir slysum og sjúkrakostnaði. Þú setur trygginguna saman eins og þér hentar með aðstoð rafræns ráðgjafa og getur séð strax hvað þín trygging kostar.

Kynntu þér hjólreiðatryggingu TM á tm.is



Nánar á tm.is

TM



Elín Auður Ólafsdóttir nýtir sumarið mjög mikið í hjólreiðar, bæði með vinnum sínum í KvEnduro og fjölskyldunni. MYND/HILMAR FRÍÐJÓNSSON



Hjóláhópurinn KvEnduro var stofnaður árið 2016 og í honum eru bara konur. Hópurinn hjólar saman á hverjum þriðju-degi.

MYND/KAREN SVEINSDÓTTIR

Fátt skemmtilegra en að skora á sjálfa sig

Elín Auður Ólafsdóttir er einn stofnenda hópsins KvEnduro en í honum eru konur sem elska að hjóla utan malbiks. Hún segir fátt skemmtilegra en að fara út að hjóla í góðra vina hópi, uppgötva nýjar leiðir og ögra sjálfum sér.


starri@frettabladid.is



Það er endalaust hægt að ögra sér í hjólreiðum.

MYND/ÁRMANN HINRIK

VISTVÆNAR SAMGÖNGUR ÚR OG Í VINNU



CUBE

Þér eru allir vegir færir á CUBE rafhjóli

Suðurlandsbraut 32
108 Reykjavík
tri.is

TRI

Hjólreiðar taka yfir sumarið hjá Elínu Auði Ólafsdóttur sem nýtir frekar veturinn fyrir gönguskíði, snjóþretti og almenna líkamsrækt innandyr. „Ég hef alltaf haft áhuga á hjólreiðum og hjólaði mikið sem barn. Helsta markmiðið þá var að ná að hjóla sem lengst án þess að halda í stýrið. Þar sem ég átti heima í sveit þá fór ég mikið um á hjólinu og við vinirnir stofnuðum meira að segja hjólagengi sem við kölluðum vegamótageggi. Þá hittumst við á gatnamótum og lékum okkur að skransa og fá misgáfulgar hugmyndir eins og að setja Bleikt og blátt blað í póstkassann hjá prestinum og fyrrverandi skólastjóranum.“

Í dag býr Elín á Akureyri ásamt eiginmanni og þremur börnum og starfar sem umsjónarkennari í 7. bekk í Brekkuskóla.

Þarf hjól við hvert tækifæri

Elín er yngst í systkinahópnum og segir foreldra sína fljótlega hafa hætt að tíma að kaupa ný hjól og hvað þá handa örverpinu. „Því fékk ég alltaf hjólin frá eldri bræðrum mínum þegar þeir fengu ný og það var ekki fyrr en ég varð tvítug sem ég fékk fyrsta nýja hjólið. Maðurinn minn hefur einnig mikinn áhuga á hjólreiðum og það var í raun þegar hann fékk fyrsta fulldempaða hjólið sitt árið 2013 sem áhugi minn á fjallahjólreiðum kviknaði fyrir alvöru og þá var ekki aftur snúið. Í bílskúrnum okkar má finna 18 hjól enda þarf hjól við hvert tækifæri.“

Frábær félagsskapur

Elín er einn stofnenda hópsins KvEnduro en í honum eru konur sem elska að hjóla utan malbiks í góðra vina hópi. „Við stofnuðum KvEnduro sumarið 2016 en þá höfðum við hjólað með strákunum en langaði að hjóla meira með öðrum stelpum. Þriðjudagskvöldin urðu fyrir valinu og við höfum að bera út fagnaðarerindið og hjóla reglulega. Frá stofnun hefur hópurinn stækkað hratt og örugglega.“

Eitt helsta markmið í upphafi

var að fá fleiri stelpur til að hjóla utan malbiks, efla sjálfstraust til að fást við hinar ýmsu hindranir og láta reyna á mörkin. „Þetta verkefni blómstraði svo sannarlega og alltaf fjölgar í hópnum hjá okkur. Það hafa verið kvöld þar sem við höfum verið 35 að hjóla saman. Það hefur verið frábært að fá að fylgjast með fjölgun kvenna í sportinu og fá að hjálpa öðrum konum að gera hluti sem þeim hefði aldrei dottið í hug að þær gætu gert. Þetta er fyrst og fremst frábær félagsskapur af ólíkum konum á mismunandi aldri sem allar hafa þennan brennandi áhuga á að hjóla saman og hafa gaman.“

Fjölbreytt líkamsrækt

Fram undan er skemmtilegt hjóla-sumar að hennar sögn. „KvEnduro heldur áfram að hittast á sínum þriðjudagskvöldum þar sem planaðar eru hjólaferðir hér í kringum Akureyri, ferðir til nágretta-

sveitarfélaga og svo er á planinu að fara í eina lengri ferð á nýjar slóðir innanlands.

Við stefnum svo á að taka þátt í enduro- og fjallabrunkeppnum sem verða haldnar í sumar og vonandi ná að fá með okkur fleiri stelpur sem ekki hafa prófað að taka þátt í svoleiðis. Það er fátt skemmtilegra en að skora aðeins á sjálfa sig og fara út fyrir þægindarammann.“

Hún hvetur sem flesta, konur og karla, til að prófa þessa skemmtilegu líkamsrækt. „Hjólreiðar eru góð líkamsrækt en líka svo fjölbreytt og góð leið til að fá útrás og hreinsa hugann af amstri hversdagsins. Svo er bara svo dásamlega skemmtilegt að fara út að hjóla í góðra vina hópi, uppgötva nýjar leiðir og ögra sjálfum sér.“ ■

Hægt er að fylgjast með KvEnduro á Facebook og Instagram (@kvenduro)



HÚSASMIÐJAN

FYRIR
ÞIG

AUTHOR

enox.
enjoy life
PÝSKT GERAMERKI

SILVERBACK



Hjólin eru komin

20" reiðhjól



AUTHOR

Reiðhjól, 20"

Energy 20" silfur/rautt 10" stell, 2022 Author, 6 gírar.
Hentar vel börnum frá 115 cm - 135 cm á hæð, þyngd 10,6 kg.
3901788

39.890kr

20" reiðhjól



AUTHOR

Reiðhjól, 20"

Melody 20" hvítt/bleikt 10" stell, 2022 Author, 6 gíra.
Hentar vel börnum frá 115 cm - 135 cm á hæð, þyngd: 10,3 kg.
3901789

42.890kr

24" reiðhjól



AUTHOR

Reiðhjól, 24"

A-Matrix 24" ljósblá/blátt 12.5"stell, 2022 Author, 18 gíra hjól.
Hentar vel börnum frá 125 cm - 140 cm á hæð, þyngd: 11,7 kg.
3901791

49.890kr

26" reiðhjól



AUTHOR

Reiðhjól, 26"

A-Matrix 26" hvítt/grátt 13.5"stell, 2022 Author, 18 gíra,
þyngd: 12,9 kg, hæð: 130 - 155 cm. 3901794

53.890kr

Rafmagnshjól



Umhverfisvænt, 250W,
25 km hraði, drægni 70 km



Rafmagnsreiðhjól, 26"

Yadea rafmagnsreiðhjól, 7 gíra borgarhjól, 36V rafhlaða undir
bögglaþera, Bafang mótör að framan, hleðstutími 3-6 klst., ekro V
bremsur. 3903103

189.900kr

26" reiðhjól



AUTHOR

Reiðhjól, 26"

Thema C700 hvítt/rautt 17"stell, 2022 Author. Hentar vel
fyrir notenda að hæð 155 - 169 cm & 169 - 182 cm, þyngd:
12,3 kg. 3901802-3

59.890kr

26" reiðhjól



SILVERBACK

Reiðhjól Silverback Stride SE

Dekk, XS, S, M, L, XL, grind: XS: 143 - 156 cm, handbremsur Tektro V,
skipting: 21 gíra, Dekk: 26" x 2.1", þyngd: 13,8 kg.
3901900,3901901,3901902,3901904

53.900kr

Drægni 45 - 65 km



Rafmagnshjól Biomega

7 gíra borgarhjól, 36V lithium rafhlaða innbyggð í stellið, hægt er að
losa rafhlöðu úr stelli til að hlaða. Hleðslutími: 5,5 klst., 250W mótör
að framan. 3903115

198.900kr

26" reiðhjól



SILVERBACK

Reiðhjól Splash SE

S, M, L, 350-450 mm, litur: svart með bleiku á gaffli.
3901905, 3901906, 3901907

53.900kr



**HENGILL
ULTRA**



3-4 JÚN



**KIA GULL
HRINGURINN**



2-3 JÚL

SKEMMTILEGASTA

VÍKINGI

ALLAR UPPLÝSINGAR OG SK






LANDSNET
MTB



NOW
ELDSLÓÐIN



27ÁGÚ

3SEPT

MÓTARÖÐ LANDSINS

MÓTIN

RÁNING Á VÍKINGAMÓT.IS



Fyrst til að bjóða upp á rafhjólatriyggingu

Vegna mikillar aukningar í sölu rafhjóla og rafhlaupahjóla ákvað TM að bjóða, fyrst tryggingafélaga hér á landi, upp á rafhjólatriyggingu. Umsóknarferlið er einfalt og þægilegt.

TM er eina tryggingafélagið hér á landi sem býður viðskiptavinum sínum upp á rafhjólatriyggingu, en félagið ákvað að bæta henni við vöruframboð sitt vegna þeirrar miklu aukningar sem hefur verið í sölu rafhjóla og rafhlaupahjóla undanfarnin misseri, að sögn Örnú Rúnar Guðlaugsdóttur, sérfræðings í viðskiptaþróun hjá Kviku, móðurfélagi TM. „Undanfarið höfum við séð mikla aukningu í sölu á rafhjólum og rafhlaupahjólum og oft og tíðum koma þessi tæki í staðinn fyrir bíl númer tvö á heimilinu. Þetta eru dýr tæki og því kalla nýir tímar í samgöngum á nýjar tegundir trygginga. Þegar hjólin eru orðin þetta dýr þá falla þau ekki lengur undir heimilistryggingar og því sá TM tækifæri til að bjóða upp á þessa nýju tryggingu.“

Valkvæðir liðir

Rafhjólatriyggung TM er sérsniðin trygging fyrir rafmagnsreiðhjól, rafmagnshlaupahjól, rafmagnsvespur og rafdrifna hjólástóla. „Rafhjólatriyggungin gildir hvar sem er á Íslandi og samanstendur af þremur mögulegum liðum: munatryggingu, slysatryggingu og ábyrgðartryggingu. Allir liðirnir eru valkvæðir svo hver og einn getur valið það sem hentar best.“

Tjón á rafhjólunni við hjólreiðar, eða slys sem sá sem er með trygginguna, maki hans eða börn yfir 12



„Með rafhjólatriyggungu getur þú verið viss um að rafhjólíð sé tryggt óháð verði og gerð,“ segir Arna Rún Guðlaugsdóttir, sérfræðingur í viðskiptaþróun hjá Kviku, sem er móðurfélag TM.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Rafhjólatriyggung TM er sérsniðin trygging fyrir rafmagnsreiðhjól, rafmagnshlaupahjól, rafmagnsvespur og rafdrifna hjólástóla.

Arna Rún Guðlaugsdóttir

ára aldur verða fyrir á rafhjólunni, eru dæmi um tjón sem rafhjólatriyggungin bætir, segir Arna. „Einnig bætir tryggingin lækniástoð og endurhæfingu eftir rafhjólaláslys sem og viðgerðir á tönnum sem brotna eða laskast. Þetta er þó ekki tæmandi upptalning, heldur algeng og lýsandi atriði sem gefa góða mynd af tryggingunni í stuttu máli.“

Stafrænar lausnir einfalda lífið

Undanfarnin ár hefur TM lagt áherslu á þróun stafrænna lausna til að einfalda lífið fyrir viðskiptavinum sína og kemur vefsala TM þar sterk inn, að sögn Örnú. „Vefsölu TM er hægt að nálgast á tm.is en þar getur þú keypt allar tryggingar með hjálp rafræns ráðgjafa. Ef þú vilt kaupa rafhjólatriyggungu þá setur þú trygginguna saman eins og þér hentar með aðstoð rafræns ráðgjafa og getur séð strax hvað tryggingin þín kostar. Að því loknu klárar þú ferlið í gegnum TM-appið með því að taka myndir af hjólunni

eða því sem þú vilt tryggja. Þetta er einfalt og tekur örfáar mínútur. Síðan er auðvelt að nálgast yfirlit yfir sínar tryggingar og iðgjöld ásamt því að tilkynna tjón í TM-appinu.“

Rafhlaðan er tryggð

Arna segir starfsfólk TM oft spurt hvort rafhlaðan á rafhjólunni sé tryggð ef henni er stolið og svarið sé já. Þar sem rafhlaðan er hluti af rafhjólunni fæst hún bætt ef henni er stolið. „Einnig er oft spurt hvort tryggingin gildi líka fyrir börnin á heimilinu en hún er í gildi fyrir þau börn á heimilinu sem eru yfir 12 ára aldri.“

Hún segir marga viðskiptavinum TM velta fyrir sér hvort rafhjólín séu tryggð með heimatryggingunni. „Rafmagnshlaupahjól eru innifalín í heimatryggingum vegna þjófnaðar og skemmda ef þú ert með innbúskaskó. Hefðbundin reiðhjól falla undir heimatrygginguna upp að vissri upphæð. Hins vegar eru rafhjól yfirleitt talsvert dýrari en það hámark sem heimatryggingin bætir. Þá eru ákveðnir flokkar rafhjóla skráningarskyld ökutæki samkvæmt umferðarlögum og falla þess vegna utan heimatryggingar. Með rafhjólatriyggungu getur þú verið viss um að rafhjólíð sé tryggt, óháð verði og gerð.“

Einnig sé oft spurt hvort slysa- og ábyrgðartryggingar tengdar rafhjólum séu innifaldar í heimatryggingunni eða hvort kaupa þurfi þær sérstaklega. „Í Heimatryggingu TM2, TM3 og TM4 eru bæði slysa- og ábyrgðartryggingar innifaldar.“ ■

Nánar upplýsingar á tm.is



Kenna þarf börnum að hjóla á öruggum stöðum fjarri umferð.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Öryggi fyrir börnin

Sumardagurinn fyrsti var í gær og það þýðir að nú fer börnum að fjólga úti við og þá ekki síst á reiðhjólum.

elin@frettabladid.is

Huga þarf vel að reiðhjólum barnanna áður en þau halda út í sumaríð og gæta þess að allt sé í góðu lagi.

Bremsur eiga að vera í lagi og sömuleiðis réttur loftþrýstingur í dekkjum. Þá er gott ráð að fara með ungum börnum út að hjóla fyrst og sýna þeim örugga staði til að vera á. Muna þarf að sýna alltaf gangandi vegfarendum tillitsemi. Mörg börn eru trúlega að fá hjól í fyrsta skipti þessa dagana og þá þarf að gæta þess að þau æfi sig þar

sem engrar umferðar bifreiða er að vænta. Foreldrar sem eru að kenna börnum sínum að hjóla ættu að velja skólalóðir eða aðra slíka staði þar sem engin truflun er.

Allir hjólreiðamenn eiga að bera hjálm á höfði og yngstu börnin ættu sömuleiðis að vera í fatnaði sem sést vel. Það er mikið öryggisatriði fyrir alla.

Ef hjólað er á gangstétt eða hjólastíg skal hjólreiðamaður vera til hægri. Ef fleiri en einn hjóla saman þurfa þeir að mynda einfalda röð eftir stignum. Þá skal ganga þannig frá hjóli þegar stöðvað er að ekki skapist hætta eða truflun fyrir aðra. Hjólreiðamaður skal alltaf víkja fyrir gangandi vegfarendum á gangstéttum, göngustígum og göngugötum. ■



Evrópa er undurfögur og víða hægt að ferðast um á hjóli til að njóta landslags og menningar, um leið og reynt er á sig eftir getu hvers og eins.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Fallegar hjólaleiðir í Evrópu

Eftir takmarkanir á ferðalögum vegna heimsfaraldursins dreymir nú marga um hjólatúra utan landsteinanna. Hér er bent á þrjár frábærar hjólaleiðir í Evrópu.

thordisg@frettabladid.is

Girona á Spáni

Ef þig fýsir að hjóla í sólinni er Girona í Katalóníu-héraði á Spáni alveg málið. Þar hjóla margir af mestu hjólagörpum heimsins ásamt því sem hægt er að gera vel við sig í mat og drykk. Borgin var eitt sinn heimili hjólaþráans Lance Armstrong og þar hafði bandaríska hjólalandsliðið æfingabúðir. Það jók enn á áhuga

hjólafólks sem sækir til Girona sökum fullkomnar blöndu af ögrandi brekkum, ómótstæðilegum strandvegum og sögulegum áfangastöðum. Girona geymir líka ofgnótt hjólástiga sem eru fullkomnir fyrir fjallahjólaðar.

Lombardía á Ítalíu

Lombardía-hérað er á milli Alpafjalla og Pó-dalsins á Norður-Ítalíu. Þar er landslagið ægífagurt og einstök upplifun að hefja hjólatúrinn frá Como-vatni. Mikilvægasti áfangastaðurinn er Madonna del Ghisallo, þangað sem liggur löng og brött brekka og þar er kapella sem þar til nýlega hýsti safn til heiðurs hjólreiðum, en nýtt safn hefur nú verið opnað í

næsta húsi. Í Lombardia er haldin hjólakeppnin Race of the Falling Leaves í október og í Madonna del Ghisallo standa stytur af göðsögnum hjólreiða.

Flæmingjaland í Belgíu

Síðast en ekki síst má benda á hér-aðið Flæmingjaland í Belgíu, sem sumir kalla mekka allra hjólástada, með sínar frægu brekkur, stíga, vegi og nánast allt sem tengist hjólreiðum. Þar er hægt að finna fjölmargar og spennandi hjólaleiðir sem leiða hjólafólk á slóðir og í spor mestu hjólakappa heimsins. Í Flanders er einnig framleiddur margur af bestu bjórum veraldar, sem margir elska að njóta með frönskum og mæjö. ■

GAP

ERU ALLIR KLÁRIR Í HJÓLASUMARIÐ?



CANNONDALE TRAIL 16"
HENTA FYRIR 3-6 ÁRA



CANNONDALE TRAIL 16"
HENTA FYRIR 3-6 ÁRA



CANNONDALE TRAIL 24"
HENTA FYRIR 8-12 ÁRA



CANNONDALE TRAIL 24"
HENTA FYRIR 8-12 ÁRA



CANNONDALE TRAIL 5
FJALLAHJÓL



CANNONDALE TRAIL 8
FJALLAHJÓL



CANNONDALE QUICK 3
GÖTUHJÓL



CANNONDALE QUICK CX4
GÖTUHJÓL

FYLGIHLOTIR OG VERKSTÆÐISÞJÓNUSTA

GAP

FAXAFEN 7 & gap.is | Sími 520 0200 | OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 & LAUGARDAGA 11-15

Mæta með hjólið heim að dyrum

Reiðhjólaverzlunin Berlín er þekktust fyrir klassísk hjól í gamaldags stíl. En í versluninni fæst fjölbreytt úrval hjóla af öllum stærðum og gerðum.

Reiðhjólaverzlunin Berlín er staðsett á Háaleitisbraut í Reykjavík. Þar er hægt að skoða hjólin og prófa mismunandi stærðir og tegundir til að finna hvaða hjól hentar best.

„Við eigum allan skalann af reiðhjólum. Við erum þekktust fyrir þessi klassisku vintage hjól þar sem þú situr upprétt þegar þú hjólar. En núna erum við líka komin með rafmagnshjól í þeim stíl. Vinsælustu reiðhjólin okkar eru Ladies Classic og Berlin Classic. Vinsælustu rafmagnshjólin eru Ladies Classic eBike og Ladies Encore. Svo eru vantanleg rafmagnshjól með fótbremsu, sem eru svipuð eins og Berlínarhjólin okkar,“ segir Jón Óli Ólafsson eigandi verslunarinnar.

„Við erum líka með allt þarna á milli. Fjallahjól, rafmagnshjól, fulldempuð hjól og borgarhjól. Við erum líka með ferðahjól sem fólk getur sett búnað á, eins og til dæmis tjal. Svo erum við núna að fá rafmagnspríhjóla. Það kom til okkar einstaklingur sem er að nálgast 78 ára aldur. Hann hafði þínu áhyggjur af jafnvæginu. Á þríhjólinu getur hann bara hjólað afslappaður og fengið smá hjálp frá mótornum,“ segir Jón Óli.

„Það er aðili í Hollandi sem smíðar þríhjól fyrir okkur. Þeir smíða alls konar hjól. Það er hægt

að fá hjól þar sem tveir sitja hlið við hlið eða einn fyrir framan og einn fyrir aftan. Við erum líka með aðila í Þýskalandi sem smíða fyrir okkur burðarhjól, með og án mótors. Það eru hjól sem hægt er að flytja vörur á. Þeir eru með alls kyns útfærslur, ef þú ert til dæmis með einhvern viðburð eða markaðsherferð þá getum við látið smíða hjól í þeim litum fyrir þig. Við getum líka látið smíða hjól með mismundandi merkingum til dæmis ef þú vilt búa til hjólaleigu. Það er margt í boði og um að gera að spyrja.“

Smíða hjól eftir pöntun

Reiðhjólaverzlunin býður einnig upp á að láta smíða venjuleg reiðhjól eftir pöntun.

„Við erum með tvo aðila sem gera það. Annar þeirra er Achille, en þar geturðu valið lit á hjólum og dekkjum, hnakk, handföng og pedala. Þá eru hjólin smíðuð fyrir hvern og einn, bæði venjuleg reiðhjól og rafmagnshjól. Venjulega er afgreiðslutíminn átta vikur frá því hjólið er pantað og þar til það er afhent. Hinn aðilinn er Pashley. En þau gera hjól sem er svona finni útgáfa af venjulegum reiðhjólum. Þetta eru mjög skemmtileg reiðhjól í gömlum stíl. Við erum með lita-pallettur sem við getum sýnt fólki og flest hjólin eru til hér í búðinni svo fólk getur komið og prófað hjólin,“ útskýrir hann.

„Auk þessara merkja eru helstu hjólamerkin okkar Reid, Marin, Cinelli og Schindelhauer, sem eru reiðhjól og rafmagnshjól sem hafa alltaf verið með belti en ekki keðju.



Reiðhjólaverzlunin Berlín selur mjög fjölbreytt úrval reiðhjóla.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Kosturinn við belti umfram keðju er að þú heyrir ekkert í beltinu, hjólið er því mjög hljóðlætt. Eins fylgir því minna viðhald, en það þarf ekki að smyrja beltið og það er sagt að það dugi fjórum sinnum lengur en keðja. Þannig að ef keðjan dugur í 2.000 kílómetra þá

dugar beltið í 8.000 áður en þarf að skipta um það.“

Verkstæði og aukahlutir

Reiðhjólaverzlunin Berlín er einnig með verkstæði þar sem gert er við reiðhjólin. Þar er boðið upp á yfirferð eins og að stilla gíra og

Þá eru hjólin smíðuð fyrir hvern og einn, bæði venjuleg reiðhjól og rafmagnshjól.

Jón Óli Ólafsson

bremsur, smyrja keðjur, setja á sumardekk og vetrardekk og svo framvegis auk almennra viðgerða.

„Við bjóðum líka upp á þá þjónustu að ef þú býrð til dæmis á Akureyri, Ísafirði, Raufarhöfn, eða bara hvar sem er á landinu, og kaupir hjól hjá okkur þá kem ég persónulega með hjólið til þín. Ég mæti fyrir framan hurðina heima hjá þér og við stillum stýri og hnakk. Við erum við með fast verð fyrir þessa þjónustu, 15.000 krónur óháð því hvar þú ert á landinu. Þú þarft bara að geta tekið á móti mér og gefið mér 10 mínútur og þá ertu tilbúin til að hjóla. Okkur finnst mjög skemmtilegt að geta hitt kunnana á sínum stað og afhenda hjólið tilbúið,“ segir Jón Óli.

Hjá versluninni fæst einnig úrval aukahluta og búnaðar fyrir reiðhjól. Til dæmis bögglaþer, bretti, hjálmur, lásar, töskur, barnastólar og kórur í alls kyns útfærslum.

„Fólki finnst oft ágætt að gefa sér smástund til að prófa hjólið og þá áttar það sig betur á hvaða aukahluti það þarf, en svo eru sumir sem kaupa þá með hjólinu. Úrvalið er mjög fjölbreytt hjá okkur,“ segir Jón Óli. ■

Nánari upplýsingar má finna á: reiðhjólaverzlunin.is

Bætt heilsa þegar hjólað er í vinnuna

Hjólreiðar til og frá vinnu eru að mörgu leyti afar hagkvæmar, ekki einungis auka þær heilbrigði heldur getur samfélagið sparað háar fjárhæðir ef fleiri hjóla til vinnu.

elin@frettabladid.is

Það er alveg sama hvort fólk hjólar á venjulegu reiðhjóli eða rafmagnshjóli, samkvæmt því sem ný norsk rannsókn sýnir. Útveran og hreyfingin gerir heilsunni gott. Jafnvel þótt ekki sé hjólað daglega til vinnu þá eru allar hjólreiðar líkamlega til bóta. Þær geta til dæmis dregið úr hjarta- og æðasjúkdómum. Til að fólk verði duglegra að hjóla til vinnu þarf að fjölga reiðhjólástígum. Sú fjárfesting mun skila sér margfalt til baka fyrir þjóðfélagið.

Norskur vísindamaður, Solveig Nordengen sem starfar við Norsku íþróttakademíuna og Háskólann í Vestur Noregi, hefur fundið út að hjólreiðar, jafnvel bara einu sinni í viku draga úr áhættu á hjarta-sjúkdómum um 22 prósent. Það er verulegur árangur í lýðheilsu og því ætti að vera mun meiri hvatning til fólks að nota hjólið sem farartæki. Flestir sem hjóluðu til vinnu voru með vinnustað í innan við fimm kílómetra frá heimili sínu og flestir voru búsettir á sæmilega sléttum svæðum.

Hjólreiðar snúast um heilsuna og eru hagnýt lausn til að bæta hana. Allir vita að líkamleg áreynsla dregur úr hættu á hjarta- og æðasjúkdómum. Ekki þarf að hjóla mikið eða daglega til að ná bættari heilsu, að því er Solveig



Þegar hjólað er til vinnu eykur það lífsgæði fólks auk þess sem bílaumferð og mengun minnkar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

segir. Ávinningur af því að nota rafmagnshjól er næstum jafn góður og fæst á venjulegu hjóli. Rafhjólreið gerir fólki kleift að komast hraðar og léttar til vinnu um leið og það nýtir útiveruna og fær aukna hreyfingu. Hvert skref í hreyfingu skiptir máli fyrir heilsuna. Fleiri karlar en konur hjóla til vinnu og það er rík ástæða til að hvetja konur til að hjóla meira.

Samkvæmt rannsakendum eru góð heilsuáhrif þess að hjóla margfalt meiri en hættan á meiddslum. Í Danmörku er áætlað að komið hafi verið í veg fyrir um 5.700 tilfelli af hjarta- eða æðasjúkdómum árlega vegna mikillar notkunar á reiðhjólum. Danir hafa lengi verið mikil reiðhjólþjóð og hafa með því bætt heilsu þjóðarinnar auk þess að vernda umhverfið.

Solveig telur að samfélagið geti hagnast mikið á því að hafa góða stíga fyrir hjólreiðafolk og það gæti orðið til þess að fleiri kjósi að nýta þennan möguleika til og frá vinnu. Vinnuveitendur þurfa líka að hvetja starfsmenn til að hjóla í vinnuna með því að hafa stað þar sem hægt er að geyma hjólin og jafnvel hafa sturtu á staðnum.

Samræmt hjólástiganet sem

Ávinningur af því að nota rafmagnshjól er næstum jafn góður og fæst á venjulegu hjóli.

skapar öryggi fyrir hjólreiðamenn er ein af mikilvægustu aðgerðum sem stjórnvöld geta gert til að auka hjólreiðar og bæta lýðheilsu. Solveig hefur hannað teljara sem telur hversu margir fara um á reiðhjólum á hjólástígum daglega. Síðasta haust höfðu 209 slíkir mælari settir upp í Noregi. Með þeim er hægt að fylgjast með hversu margir hjóla á stígum og þar með mælt gagnsemi þeirra. Komandi hefur í ljós að hjólreiðar jukust mikið á Covid-tímum í Noregi og má því segja að faraldurinn hafi haft jákvæð áhrif á hreyfingu fólks og þar með bætt lífsgæði. Vonast er til að enn fleiri sjái kosti þess að fara á reiðhjól í vinnuna og minnki þannig bílaumferð og mengun. ■

POC

POC hjálmar og gleraugu

FRÁBÆR sitt í hvoru lagi

FULLKOMIN saman



Elicit
kr. 34.990



Ventral Air MIPS
kr. 37.490



Aspire
kr. 28.490



Omne Air MIPS
kr. 23.490



Devour
kr. 35.990



Kortal Race MIPS
kr. 35.990



ORA Clarity DH
kr. 12.990



Otocon
kr. 38.990



AIM
kr. 31.990



Axion Race MIPS
kr. 23.490



Hjólið örugg í umferðinni

Nú er sumarið komið og hjólréiðafólk byrjað að streyma út á göturnar í auknum mæli eftir langan og þungan vetur. Það er gleðiefni, en um leið eykst hættan á slysum og árekstrum milli ókutækja og reiðhjóla. Hér eru góð ráð fyrir hjólréiðafólk, sem auka öryggi þess á vegunum.

oddurfreyr@frettabladid.is

Bensínverðið er hátt, sumarið er komið aftur og göturnar eru orðnar lausar við snjó, svo nú er tíminn til að draga reiðhjólín úr bílskúrnum eða geymslunni og fara að hjóla aftur. En það er sjaldan ef nokkru sinni jafn mikil hætta á slysum eins og þegar reiðhjólafólk er að birtast aftur á götunum eftir langt hlé og umferðin er að finna nýjan takt og læra að deila vegunum með þeim. Hér eru því nokkur góð ráð til að auka öryggi hjólréiðamanna, sem eru meðal annars byggð á grein sem birtist nýlega á vef Montreal Gazette. Að vera með hjálm er samt ekki eitt þeirra, einfaldlega vegna þess að það er algjört grundvallar öryggisatriði þegar fólk hjólar, alveg sama hvar.

Verið vel sýnileg

Þó að birtan sé farin að verða mikil er samt mikilvægt að huga að því að vera vel sýnileg þegar hjólað er á vegum úti. Ljós á hjólunum og fót í björtum litum, helst



Það er skemmtilegt að hjóla og það er góð hreyfing, en umferðin getur verið hættuleg. Því er gott að fylgja nokkrum einföldum ráðum til að vera öruggari í umferðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

með endurskinsmerki, hjálpa til við að auka sýnileika hjólréiðamanna og minnka hættuna á árekstrum. Það þarf líka að sýna sérstaka varkárni í kringum rútur og strætisvagna, en bílstjórar þeirra sjá yfirleitt ekki jafn vel út eins og fólk á minni bílum. Það er ágæt þumalputtaregla að gera aldrei ráð fyrir því að bílstjóri hafi séð mann nema það hafi náðst augnsamband við hann.

Það er líka mjög mikilvægt að

hjólréiðafólk sé vel vakandi fyrir umhverfi sínu öllum stundum og því er aldrei góð hugmynd að hjóla með heyrnartól, að minnsta kosti ekki í báðum eyrum.

Verið fyrirsjáanleg

Það borgar sig ekki að bruna gegnum umferðina, fara inn og út af hjólabrautum eða vegum, skipta skyndilega um hraða eða fara hratt frá vegkanti og inn á miðjan veg eða til baka. Öll svona

ófyrrisjáanleg hegðun á vegunum getur skapað misskilning, vandræðagang og í versta falli slyshættu.

Fylgið umferðarreglunum

Sumir hjólréiðamenn átta sig ekki á mikilvægi þess að fylgja umferðarreglunum á sama hátt og ef þeir væru að keyra bíl. En með því að fylgja einföldum umferðarreglum er hægt að minnka slyshættu og pírting milli hjólréiða- og

ökumanna verulega. Það þýðir að hjóla á götunni eða hjólastíg, ekki á gangstéttinni. Þetta þýðir líka að „eftir einn ei hjóli neinn“, því það getur verið mjög hættulegt að hjóla undir áhrifum áfengis. Það segir sitt að einn af hverjum fjórum hjólréiðamönnum sem létust í umferðinni í Bandaríkjunum árið 2019 höfðu verið að drekka.

Gætið ykkar við gatnamót

Gatnamót geta stundum verið flókin og þar getur verið minni sýnileiki, aukin umferð og stundum skapast ruglingur þegar umferð er að renna saman. Þess vegna er algengt að ökumenn og hjólréiðamenn lendi saman á gatnamótum. Því er gott að nota handabendingar til að gefa til kynna í hvaða átt stendur til að hjóla, ná augnsambandi við ökumennina á gatnamótunum og vera viss um að röðin sé komin að manni áður en farið er yfir götuna.

Veljið leiðina vel

Stundum er beinasta leiðin ekki sú besta, sérstaklega á háannatíma í umferðinni. Þá skapast aukin hætta, loftmengun og hávaði, sem skemmir fyrir ánægju af því að hjóla. Þess vegna borgar sig að velja frekar vegi þar sem eru góðir hjólastígar, minni umferð, færri gatnamót og almennt góðar aðstæður. Það er betra að vera aðeins lengur á leiðinni til að komast klaklaust á áfangastað og geta notið ferðarinnar. ■

POCKET
PEDALS

Hjólið fær nýjan tilgang með einu handtaki

pocketpedals.is

📷📱 pocketpedals



Karl Birgir með Pocket Pedals á hjólinu sínu. Notendur hafa lýst yfir mikilli ánægju með þessa hentugu uppfinningu. Nú er enginn vandi að snarþreyta tilgangi reiðhjólansins.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

Íslenskt hugvit sem leysir algengan og hvítleiðan hjólavanda

Karl Birgir Björnsson er maðurinn á bakvið Pocket Pedals, snjalla og einfalda uppfinningu sem hefur farið sigurför um reiðhjólheiminn síðustu ár.

Pocket Pedals leysa algengt og hvítleitt vandamál sem hefur eflaust hrjáð margan reiðhjólargarpinn. „Sjálfur er ég á götuhjól með smellupedölum. Ég hjóla reglulega og nota sama hjólið bæði í æfingar og við daglega notkun, en oft og tíðum langar mig til þess að geta sleppt því að vera í hjólaskóm sem smellast í pedala,“ segir Karl Birgir sem hannaði Pocket Pedals. „Ég lét mig hafa það að hjóla á smellupedölum í venjulegum skóm þrátt fyrir að það væri óhentugt. Vissulega voru til breytistykki, en þau voru óþægileg í notkun og mér leiddist að festa þau og fjarlægja. Sama gildir um að skipta um fótstig. Auðvitað vill maður geta stokkið út að hjóla með engri fyrirhöfn. Sumir eiga til þess tvö reiðhjól með ólíkum pedölum,

sem krefst fjárráða og geymslupláss sem ég hafði ekki.“

Uppfinningahjólín fóru að snúast

Það kviknaði á perunni hjá Karli árið 2016 þegar hann var að kenna stjúp dóttur sinni að hjóla. „Hjólandi krakkar beygja og stöðva þegar þeim hentar, og þá er alls ekki raunhæft fyrir mig að smella mér í og úr fótstigunum. Ég fann svo sterkt fyrir því hversu hentugt það væri, ef til væri handhægt breytistykki sem breytti smellupedalunum yfir í flatan pedala með lítilli fyrirhöfn.“

Eykur notagildi hjólans

Með Pocket Pedals er nú hægt að breyta tilgangi hjólans í einu handtaki. Lausnin er hönnuð til að vera einföld í notkun og endingargóð. „Pocket Pedals eru úr sérstöku plastefni sem er búið þeim eiginleikum að vera bæði sveigjanlegt og sterkt og er því nær ómögulegt að eyðileggja þá. Pocket Pedals er einfaldlega smeygt á smellupedalann þegar

á þarf að halda og engin þörf er á verkfærum til að koma þeim fyrir eða til að losa þá aftur af. Þeir komast fyrir í jakkavasanum eða í veskinu. Þeir gripa vel í pedala og gefa gott grip fyrir alla skó. Pocket Pedals eru samhverfir að ofan og að neðan og bjóða því upp á tvær hliðar til að stíga á, sem gerir þá líkari alvöru fótstigum en breytistykki.

Pocket Pedals hafa fengið mjög jákvæð viðbrögð frá notendum og umfjöllun í þekktum hjólafjölmiðlum eins og Global Cycling Network á Youtube og hjólatímaritinu BikeRumor.

Pocket Pedals henta fyrir nánast allar tegundir SPD og SPD-SL smellupedala frá Shimano, sem eru vinsælustu pedalarinnir hér á landi. Pocket Pedals fyrir Look Keo Classic og Max pedala, sem eru afar vinsælir víða í Evrópu, verða kynntir á markaði seinna í sumar.“

Pocket Pedals eru fánlegir svartir eða rauðir. Pocket Pedals fást í vefverslun pocketpedals.is og í verslunum TRI og GÁP. ■

HAFÐU AKU MEÐ Í VALINU

AKU
trekking & outdoor footwear

AKU skórnir
eru framleiddir
á Ítalíu úr 100%
evrópskum íhlutum
og efnum

Superalp GTX

42.990 kr.

Aukin mýkt við ökkla



Gore-Tex filma,
100% vatnsvörn

2mm gúmmíborði
(grjótvörn) sem hentar
vel í íslensku hraunlendi

Dempun

IMS: Kerfi sem gefur
aukna mýkt niður í sólann

AKU Exoskeleton,
innan- og utanfótarstuðningur

Náttúruvænt hágæða
leður, LWG vottað

Reimalæsing, sithvor
stillingin fyrir rist og ökkla

Rúllukefli sem heldur
jafnri spennu á reimum

2,6mm eka ítalskt
Nubuck leður

Custom fit innlegg

Vibram sóli

Stingum af...



AKU Alterra GTX ♂
Gönguskór með góðan stuðning
35.990 kr.



AKU Alterra GTX ♀
Gönguskór með góðan stuðning
35.990 kr.



AKU Tribute II GTX ♂♀
Léttir og liprir gönguskór
28.990 kr.

GG SPORT



Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af góðum skóm og öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

 @ggsport.is  @gg_sport

Smiðjuvegur 8, græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18, laugardagur 11-15

Þjónusta

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj. Miklaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskripti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggitur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupungull.is

Opíð mán - fös 11-15, Skípholt 27, 105

Upplýsingar í síma 788 1590

Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Húsnæði óskast

Óska eftir herbergi eða einstaklingsbúð höfuðborgarsvæðinu S8937144

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúð, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

VEIÐIPORTIÐ

Grandagarður 3 • S: 552-9940

Stærðir:

270cm-500cm

Verð frá:

149.000.kr



SAILSKI®

Gerid verðsamanburð!

www.veidiportid.is



Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í 50 ár

hagvangur.is



HAGVANGUR

vinnvinn



Stjórnarráð Íslands
Umhverfis-, orku- og
loftslagsráðuneytið

ER AÐALBAKHJARI STÓRA PLOKKDAGSINS



STÓRI PLOKK- DAGURINN SUNNUDAGINN 24. APRÍL 2022



PLOKKUM Í GLÆRA POKA EÐA FJÖLNOTA SEKKI. VIÐ FÖGNUM FLOKKUÐU PLOKKI OG GÖNGUM KYRFILEGA FRÁ ÖLLU PLOKKI SVO ÞAÐ FJÚKI EKKI. MERKIÐ MYNDIR FRÁ DEGINUM MEÐ #EGPLOKKA



REYKJAVÍKURBORG HVETUR IBÚA TIL AÐ FARA MEÐ AFRAKTUR PLOKKSINS Í VEL LOKUÐUM, GLÆRUM POKUM Á ENDURVINNSLUSTÖÐVAR SORPU.

EINNIÐ MINNUM VIÐ Á ÁBENDINGAVEF REYKJAVÍKURBORGAR
ABENDINGAR.REYKJAVIK.IS.



GÁMAR FRÁ ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGINU
FYRIR PLOKK Í GLÆRUM POKUM VERÐA STAÐSETTIR
VIÐ EFTIRFARANDI HÚSASMIÐJU VERSLANIR
· HÚSASMIÐJAN SKÚTUVOGI
· HÚSASMIÐJAN SELFOSSI
· HÚSASMIÐJAN AKUREYRI

GÁMAR FRÁ ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGINU
FYRIR PLOKK Í GLÆRUM POKUM VERÐA
STAÐSETTIR VIÐ EFTIRFARANDI KRÖNU VERSLANIR
· KRÖNAN BÍLDHÖFÐA
· KRÖNAN FLATAHRAUNI
· KRÖNAN GRANDA
· KRÖNAN MOSFELLSBÆ
· KRÖNAN VALLAKÖR

GÁMAR FYRIR PLOKK Í GLÆRUM POKUM
VERÐA STAÐSETTIR VIÐ EFTIRFARANDI ORKUSTÖÐVAR
· ORKAN DALVEGI
· ORKAN SUBURUFELLI
· ORKAN SUBURSTRÖND
· ORKAN KLEPPSVEGI

WWW.PLOKK.IS
PLOKK Á ÍSLANDI 📍
PLOKKISLAND @
PLOKK_ICELAND 📍

Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Íþróttavikan með Benna Bó Íþrótt- og skemmtiþáttur með Benedikt Bóasi.
- 20.00 Draugasögur (e) Í sjónvarpsþættinum Draugasögum kynnumst við lífinu fyrir handan.
- 20.30 Fréttavaktin (e)
- 21.00 Íþróttavikan með Benna Bó (e)

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi
- 13.10 Útsvar 2010-2011 Fjarðabyggð - Grindavík.
- 14.15 Hjóm sveit kvöldsins Amina.
- 14.45 Alla leið
- 15.50 89 á stöðinni
- 16.05 Kvöldstund með listamanni 1986-1993 Matthías Jóhannessen.
- 16.55 Stiklur Börn náttúrunnar.
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Lesið í líkamann
- 18.29 Verkstæðið Búum til myndaramma.
- 18.35 Húllumhæ
- 18.50 Lag dagsins Jóhanna Guðrún Jónsdóttir - Ég heyri svo vel.
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.40 Kastljós Lifandi og fjölbreyttur þáttur um fréttir, menningu og dægurmál. Helstu fréttir dagsins eru krufðar og ljósi varpað á lítríkt mannlíf um land allt.
- 20.00 Gettu betur - Á blápræði
- 21.05 Vikan með Gísla Marteini
- 22.00 Konan í búrinu Kvinden í buret Danskur spennuþryllir frá 2013 byggður á skáldsögu eftir danska glæpasagnahöfundinn Jussi Adler-Olsen. Rannsóknarlögreglumadurinn Carl Mørck er búinn að mála sig út í horn innan lögreglunnar en fær lokatækifæri við að flokka gömul, óleyst mál. Upp á borðið kemur mál stjórnmálakonu sem virðist hafa horfið sporlaust fyrir fimm árum og Carl getur ekki setið á sér að hefja rannsókn á málinu. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
- 23.35 VeraVera
- 01.05 Dagskrárlök

Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil
- 13.15 The Late Late Show
- 14.00 The Block
- 15.00 This Is Us
- 16.30 Spin City
- 16.55 The King of Queens
- 17.15 Everybody Loves Raymond
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 The Late Late Show
- 19.10 Carol's Second Act
- 19.40 Black-ish
- 20.00 Grease Live Eftir sumarást hjá Danny og Sandy, hittast þau óvænt aftur þegar Sandy byrjar í Rydell High skólanum. Þar á Sandy í slag-togi við Rizzo og Pink Ladies gengið.
- 21.55 John Wick. Chapter 3 - Parabellum
- 00.05 Fracture
- 02.00 Infidel
- 03.45 Tónlist

Stöð 2

- 07.55 Heimsókn
- 08.25 The O.C.
- 09.05 Bold and the Beautiful
- 09.30 Supernanny
- 10.10 Masterchef USA
- 10.50 Hindurvítmi Magnaðir þættir þar sem við fáum að kynna þekktum þjóðsögum viðsvegar um landið.
- 11.20 Cherish the Day
- 12.00 Framkoma
- 12.35 Nágrannar
- 12.55 30 Rock
- 13.15 Bara grin Sprenglæglegur og stórskemmtilegur gamanþáttur þar sem Björn Bragi Arnarsson rifjar upp bestu gamanþættina úr sögu Stöðvar 2 með myndbrotum og viðtölum.
- 13.40 Bump
- 14.10 Grand Designs
- 15.00 The Bold Type
- 15.40 Golfarinn
- 16.05 McDonald and Dodds Léttur og stórgóður breskur saka-málþáttur.
- 17.25 Bold and the Beautiful
- 17.50 Nágrannar
- 18.26 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.40 Sportpakinn
- 18.55 Fyrsta blikið
- 19.30 Britain's Got Talent
- 20.55 Boogie
- 22.25 21 Bridges
- 00.00 It Chapter Two Hrollvekja af bestu gerð frá 2019 með einvala liði leikara.
- 02.45 The O.C.
- 03.25 Supernanny
- 04.10 Masterchef USA

Sneisafullur þáttur hjá Benna Bó í kvöld

Íþróttavikan með Benna Bó er á dagskrá Hringbrautar í kvöld eins og aðra föstudaga en þar er fjallað um allt það helsta í íþróttalífi landsmanna. Að þessu sinni er fjallað um vægi orða Söru Bjarkar um EM kvenna sem farið hafa hátt, málefni Laugardalsins ber á göma, rætt er við Valsmanninn Arnór Smára, og Arnar Daða Gróttupjálfa um handboltalandsleikinn gegn Svíum, fjallað um nýjan þjálfara United og loks er það Formúlan með Kristjáni Einarssyni.



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 skraut
- 5 skemmd
- 6 tveir eins
- 8 þolanlega
- 10 átt
- 11 vegsemd
- 12 gas
- 13 jurt
- 15 dvín
- 17 heiðra

LÓÐRÉTT

- 1 limir
- 2 erindi
- 3 fiskur
- 4 sneiða
- 7 klastra
- 9 döggvun
- 12 hærrí
- 14 nagg
- 16 flán

LÁRÉTT: 1 stáss, 5 kal, 6 kk, 8 allivel, 10 na, 11 æra, 12 etan, 13 arfi, 15 rymar, 17 tígna. LÓÐRÉTT: 1 skankar, 2 tala, 3 all, 4 skera, 7 klandra, 9 vætting, 12 efrí, 14 ryl, 16 an.

Sudoku

2	4				9			
9	6	7						5
		3			7			2
	7			8	2	5		
1			4			7		
3		4	7			8		
		1		6	3	2		7
		8		2		4	5	
						3	9	1

4	5	1			9		8	
			8			7	9	
3		7	4	9			1	
		2						9
			3	7				
		4		6	8			
			2	3		8		
7		9	5					1

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Áttum ekki að sýna veikleika

Leikstjórinn og handritshöfundurinn Guðmundur Arnar Guðmundsson veigrar sér ekki við að taka á viðkvæmum málum í nýrri kvikmynd sinni Berdreymi en segir þó að mikilvægast sé að gefa innsýn í hulinn heim unglingsstráka og vináttu þeirra sem er bæði uppbyggileg og erfið. Tilfinningar lærði hann snemma að tala ekki um en segist sífellt vera að læra og það gangi alltaf betur að leyfa sér að vera viðkvæmur þótt oft krefjist það meðvitaðrar ákvörðunar.



Sögur þolenda eiga ekki að vera krassandi

Þær Ólöf Tara Harðardóttir, Þórhildur Gyða Arnarsdóttir og Ninna Karla Katrínardóttir sitja allar í stjórn Ófga og hafa síðustu vikur bent á ýmislegt sem má betur fara í umfjöllun um ofbeldismál í fjölmiðlum. Þær vilja sjá breytingar á því og gáfu nýlega út leiðbeiningar um það sem má betur fara. Þær segja starf Ófga geta verið erfitt en að það sé mjög gefandi. Næst á dagskrá er hlaðvarpsþættur þar sem þær tækla réttarkerfið ásamt öðrum sérfræðingum.



Sjálfkvæni sífellt vinsælla

Sologamy, sem gæti útlagst sem sjálfkvæni á íslensku, er notað um sjálfsbrúðkaup, táknræna athöfn þar sem brúðurin skuldbindur sig til að viðhalda merkingarþæru, djúpu og ástríku sambandi við sjálfa sig.



TREYSTU Á

SÓLAR-**1**^{*}
VÖRN NR.



UVA vörn sem virkar lengi



UVB vörn sem virkar strax



48 tíma raki



Vatnspolin




Virðir sjávarlíf



* Source: Euromonitor International Limited; Beauty and Personal Care 2021 edition; NIVEA as per umbrella brand name classification; all retail channels; retail value terms, 2020 data.

Með þér í sumar



598
kr./pk.



298
kr./pk.



359
kr./stk.

798
kr./stk.



1.998
kr./stk.



BÓNUS

598

kr./pk.



Smash style hamburgarar
2x 120 g

459

kr./pk.



Hamburgarasósa
300 ml

598

kr./pk.



SPG krydd
130 g

Með
íslensku
flögusalti



598

kr./pk.



Hamburgarakrydd
120 g

Umhverfissvænar
og margnota

1.198

kr./pk.



Eco by Greentree Bleiubuxur

359

kr./pk.



Eco by Greentree Bleiupoki



Van Egmond gróðurmold

998

kr./pk.

40 ltr

Gerðu
garðinn
frægan

196

kr./pk.



Koop garðhanskar

1.998

kr./kg

6 sneiðar
í pk.

Íslandslamb
lambagrillpakki



Sama verð
og í fyrra

LEIKHÚS

Fyrirverandi

Valur Freyr Einarsson
BorgarleikhúsiðLeikstjóri: Valur Freyr Einarsson
Leikarar: Árni Þór Lárusson, Halldór Gylfason, Jörundur Ragnarsson, Katla Margrét Þorgeirsdóttir, Vala Kristín Eiríksdóttir, Þorsteinn Bachmann og Þórunn Arna Kristjánsdóttir

Leikmynd og búningar: Ilmur Stefánsdóttir

Tónlist: Davíð Þór Jónsson og Salka Valsdóttir

Hljóðmynd: Salka Valsdóttir

Lýsing: Ingi Bekk

Myndbönd: Einar Þórarinnsson og Ingi Bekk

Höfundur sviðshreyfinga: Anna Kólfinna Kuran

Leikgervi: Elin S. Gísladóttir og Ilmur Stefánsdóttir

Sigríður Jónsdóttir

Vinahópur hittist til að gera sér dagamun en draugar fortíðarinnar í formi fyrirverandi maka svífa yfir kampavinsglösunum. Valur Freyr Einarsson safnaði saman sönnum sögum um samskipti og reynslu einstaklinga af fyrri samböndum. Þrátt fyrir forvitnileg efnistöð er lítið um stóra drætti í Fyrirverandi sem var frumsýnd nýlega í Borgarleikhúsinu.

Til að byrja með eru ýmsir formgallar á handritinu. Persónur eru stöðugt að tala um atburðarás sem gerðist áður eða einstaklinga sem eru annars staðar. Vandamál sem koma upp í sýningunni eru annað hvort ekki leyst eða leyst á allt of auðveldan máta. Það að hringja eitt símtal í lögfræðing er yfirleitt alls ekki nóg til að stoppa stafrænt offeldi. Efnislega koma sömuleiðis fram vandamál. Öll þörin eru kynnt til sögunnar sem gagnkynhneigð en annað kemur í ljós. Tvi- eða pankynhneigð er notuð sem sjokkerandi opinberun, niðurlag brandara eða dæmi um óæskilega kynhegðun, til dæmis mistök þegar viðkomandi er ofurólvi. Þó er að finna nokkra þrælgöða brandara sem krydda þessa samsuðu örlítið.

Sundurslitið persónugallerí

Leikhópurinn gerir sitt besta með efniviðinn en áhorfendur kynnst ekki persónunum nægilega vel. Katla Margrét Þorgeirsdóttir leikur gestgjafann Unu sem er í mjög góðu sambandi við sinn fyrirverandi, kannski aðeins of góðu að mati maka hennar Togga, sem leikinn er af Þorsteini Bachmann. Hún nær finnu tökum á konunni sem er með



Áhorfendur kynnst ekki persónunum nægilega vel, segir gagnrýnandi.

MYND/IRIS DÖGG EINARSDÓTTIR

Klaufaleg fyrirverandi

allt á hreinu og er jarðtenging hópsins. Þó er erfitt að skilja hvað Una sér við andlega þenkjandi bókarann Togga. Þorsteinn gerir sitt besta til að koma þessum lina karakter til skila en skilur lítið eftir sig. Nýliðinn Árni Þór Lárusson leikur Bjart, son Unu af fyrri hjónabandi. Það er alltaf gaman að sjá unga leikara taka sín fyrstu skref eftir útskrift og stendur Árni sig með þryði.

Halldór Gylfason leikur lækinn Karl sem vill undirstrika að hann byrjaði ekki að hitta Gígju, fyrirverandi sjúklinginn sinn á krabbameinsdeildinni, leikna af Þórunni Örnu Kristjánsdóttur, fyrr en hún var útskrifuð og hann var skilinn við konuna sína. Halldór og Þórunn Arna eru á sömu grínbylgjulengdinni allan tímann en persónur þeirra eru fremur einsleitar.

Yngsta parið í hópnun eru Bjarni og Hulda leikin af Jörundi Ragnarsyni og Völu Kristínu Eiríksdóttur. Bjarni er eina persónan sem tengir sína erfiðleika við fyrirmyndirnar sem hann hafði í æsku, eða skort á þeim. Jörundur nær að þræða þessa nál á milli harms og hómors laglega. En það er Vala Kristín Eiríksdóttir sem stelur senunni enn og aftur. Tímasetningarnar hennar eru frábærar, líkamsbeitingin bráðfyndin og hún finnur sársaukann í hinni tættu Huldu, tilfinningar sem ekki er búið að vinna úr.

Listræn samsuða

Eins og áður sagði er leikstjórnin í höndum Vals Freys. Veröld Fyrirverandi liggur á gráu svæði milli raunveruleika og óraunveruleika. Annað hvort hefði súrrealisminn þurft að

spila stærra hlutverk eða Valur Freyr hreinlega að ganga inn í klassískt stofudrama. Gallinn er líka sá að ekki er ljóst hvernig í ósköpunum þessi ólíki hópur þekktist, hvaðan þau koma og hvert þau eru að fara. Eftir hlé dalar sýningin, missir afl og framvindan er lítil. Lokauppgjörið fellur flatt og sýningin virðist óklár- uð.

Ilmur Stefánsdóttir stendur yfirleitt fyrir sínu enda mjög fær listamaður. En eins og með flest annað í sýningunni er listræna umgjörðin óskýr þrátt fyrir laglega hönnun, einhvern veginn hvorki né. Dans- og söngatriðin virka eins og uppfyllifni frekar en að næra sýninguna. Sviðshreyfingar Önnu Kólfinnu Kuran njóta sín best þegar hreyfimystrin malla undir samtölunum. Myndbandshönnun Einars Þórarinnssonar og Inga Bekk tynast í leiktjöldunum. Davíð Þór Jónsson og Salka Valsdóttir semja og setja saman tónlistina en líkt og annað situr hún fremur illa í sýningunni þó að hún sé áheyrileg.

Forvitnilegar og fjölbreyttar sögur af alls konar fyrirverandi eru hér fléttaðar saman. Niðurstaðan er



Grínið er hjákátlegt frekar en smellið og erfitt er að átta sig á þessum vinahóp.

samsuða af hugmyndum sem smella aldrei. Spyrja má hvort Valur Freyr hefði mátt finna annan farveg fyrir þessar áhugaverðu sögur heldur en þann sem hér er boðið upp á. Grínið er hjákátlegt frekar en smellið og erfitt er að átta sig á þessum vinahóp. Svo sannarlega er þörf og pláss fyrir ný íslensk leikrit um samtímavandamál en því miður þá missir Fyrirverandi marks. ■

NIÐURSTAÐA: Þrátt fyrir nokkra góða brandara og kostulega frammistöðu frá Völu Kristínu er Fyrirverandi frústrerandi upplifun.

Hátíðartónleikar á Eskifirði

kolbrunb@frettabladid.is

Sunnudaginn 24. apríl býður Rótaryhreyfingin á Íslandi til sérstakra hátíðartónleika í Tónlistarmiðstöð Austurlands á Eskifirði. Tilefnið er veiting tónlistarstyrks Rótary sem árlega er veittur tveimur framúrskarandi tónlistarnemum sem stunda framhaldsnám á erlendri grundu.

Styrkþegar Tónlistarsjóðs Rótary árið 2022 eru þau Alexander Smári Edelstein píanóleikari og Sólveig Vaka Eyþórsdóttir fiðluleikari. Tónlistarstyrkir Rótary hafa verið veittir árlega frá árinu 2005 og var sá fyrsti sem styrkinn hlaut Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari en styrkþegar eru nú orðnir 30 talsins. Hefð hefur skapast fyrir því að styrkþegarnir komi fram á árlegum tónleikum Rótaryhreyfingarinnar og eru tónleikarnir í ár í umsjón Rótaryklúbbs Héraðsbúa í sam-



Tónlistarstyrkir Rótary hafa verið veittir árlega frá árinu 2005 og var sá fyrsti sem styrkinn hlaut Víkingur Heiðar Ólafsson.

starfi við listhópinn Austuróp. Auk styrkþeganna koma fram tónlistarmenn sem starfa á Austurlandi og Norðurlandi, þau Hlín Pétursdóttir Behrens sópran, Erla Dóra Vogler messósópran, Árni Friðriksson tenór, Valdimar Hilmarsson bariton ásamt píanóleikurunum Helenu Guðlaugu Baldursdóttur og Daníel Þorsteinsyni. ■



Alexander Smári Edelstein, styrkþegi Tónlistarsjóðs Rótary.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI



Sérfræðingur frá Jensen verður hjá okkur föstudag og laugardag, **22.-23. apríl**. Fáðu aðstoð við að velja rúmið sem hentar þér.

Sérfræðingur í heimsókn

Skoðaðu rúmin okkar áður en þú tekur ákvörðun.



Skeifan 6 / Smáralind / Kringlan / Laugavegur 7 / 5687733 / www.epal.is

TILBOÐ

10% afsláttur
af öllum Jensen rúmum
22. – 23. apríl.



20% afsláttur
af öllum fylgihlutum;
náttborð · sængur · koddar · lök

- 25 ára ábyrgð á gormakerfi.
- Yfir 70 ára reynsla.
- Skandinavísk hönnun.
- Gæði, ábyrgð og öryggi.
- Hvert rúm er sérsmíðað fyrir þig.

Veldu Jensen rúm fyrir betri og heilbrigðari svefn, nótt eftir nótt, ár eftir ár.



Robbie Williams er eigandi nokkurra af frægustu verkum Banksy.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Robbie Williams sýnir myndlist

ninarichter@frettabladid.is

Breska popparanum Robbie Williams er margt til lista lagt. Dagana 11. til 25. maí setur hann upp málverkasýningu á svart-hvítum málverkum sínum, sem hann vann ásamt félaganum Ed Godrich. Fjörtán verk verða til sýnis í galleríi í Sotheby's-uppboðshúsinu í London. Verkin unnu þeir saman í stúdíói sínu í Los Angeles.



Fjörtán verk verða til sýnis í galleríi í Sotheby's-uppboðshúsinu í London.

Í næstu viku stýra þeir sölusýningu hjá Sotheby's, á myndum eftir nokkra af sínum eftirlætis listamönnum, þar á meðal Jean-Michel Basquiat, Grayson Perry og Damien Hirst. Sú sýning verður opin dagana 22. til 28. apríl.

Breska blaðið The Guardian hefur eftir Williams að sameiginleg ást þeirra Godrich á götulist sé rauði þráðurinn í þeirra eigin list og einnig ríkjandi þema á sölusýningunni.

Williams er einn af þeim fyrstu sem fjárfestu í list götulistamannsins Banksy og á popparinn nokkur af hans frægustu verkum. ■



Götulistaverk eftir Banksy í Betlehem.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ljóska lagafróða á sviði í Gamla bíói

Íslensk uppsetning á söngleiknum um ráðagóðu blondínuna Elle Woods fer á svið í Gamla bíói í maí.

arnartomas@frettabladid.is

Gamanmyndin Legally Blonde gerði allt vitlaust við árpúsundamótin og hefur í seinni tíð skipað fastan sess á áhorfslistum þeirra sem þurfa á upplýftingu að halda. Myndin segir frá háskólanemanum Elle Woods sem sigrast á staðalímyndum um ljóska með undraverðri velgengni sinni í lögfræðiheiminum.

Söngleikur byggður á myndinni var fyrst sýndur árið 2007 og vakti í kjölfarið lukku viðs vegar um heim. Söngleikjadeild Söngskóla Sigurðar Demetz hefur nú skellt söngleiknum í íslenskan búning, undir heitinu Ljóska í gegn, og verður hann settur upp í Gamla bíói þann 10. og 11. maí.

„Þetta er bjartur, léttur og skemmtilegur söngleikur sem fjallar samt um eitthvað sem mætti kalla klassískt viðfangsefni,“ segir Orri Huginn Ágústsson leikstjóri söngleiksins. „Þetta er boðskapur sem er þarfur á flestum tímum en kannski sérstaklega í dag – að standa með sjálfum sér og að dæma ekki of fljótt eða harkalega þá sem þú hittir.“

Nemendur söngleikjadeildarinnar hafa lengi verið spenntir fyrir söngleiknum en Orri Huginn segir að fyrst hafi verið lagt í hann þegar útlit var loks fyrir að takmörkunum vegna Covid yrði aflétt. „Það var langþráð að geta sett upp sýningu þar sem mikil áhersla er á sviðshreyfingar og dans,“ segir hann. „Nemendurnir hafa verið í stífum þjálfunarbúðum til að ráða við efnið.“

Snúnar þýðingar

Íslensk þýðing á söngleiknum lá ekki fyrir svo að íslenska þurfti textana frá grunni.

„Við einhentuð okkur í það verkefni, ég og Þór Breiðfjörð deildarstjóri, en við höfum þekkt lengi og unnið við söngleiki af öllum stærðum og gerðum,“ útskýrir Orri Huginn, sem segir verkefnið hafa verið snúið. „Það eru sárafáar senur í verkinu sem ekki er tónlist undir og miklu minni texti sem er fluttur talaður en sunginn. Það er líka mikið af orðagríni og rími sem



Hrefna Hlynsdóttir fer með hlutverk Elle Woods.

MYND/ADSEND

„Þetta er boðskapur sem er þarfur á flestum tímum en kannski sérstaklega í dag.“



Reese Witherspoon í hlutverki Elle Woods í Legally Blonde frá árinu 2001.

getur verið þrautin þyngrri að færa yfir á íslensku. Þetta var ekkert hrist fram úr erminni.“

Lögin í sýningunni eru flest í léttari kantinum en teygja sig í ýmsar áttir.

„Þarna má finna ballöður sem hafa skirkotanir í keltnesk áhrif þegar ein aðalpersónan syngur um draumastaðinn Írland. Svo eru djass-áhrif þegar sungið er um hvað þarf til þess að vera hákarl.“ „Þetta er leikandi og skemmtileg tónlist sem er keyrð áfram af krafti. Við flytjum tónlistina með lifandi undirleik frá störeflishljómsveit skipaðri nemendum við FÍH.“

Míðasala fer fram á tix.is. ■

Hamlet fer norður

KVIKMYNDIR

The Northman

Leikstjóri: Robert Eggers

Aðalleikarar: Alexander Skarsgård, Nicole Kidman, Claes Bang og Anya Taylor-Joy

arnartomas@frettabladid.is

Robert Eggers hefur stimplað sig inn á síðustu árum sem metnaðarfullur leikstjóri sem geðjast ekki öllum. Síðustu myndir hans, The Witch og The Lighthouse, lögðust ýmist vel í fólk eða hreinlega alls ekki, án nokkurs millivegar. Nýjasta útskipti Eggers, The Northman, hefur þó verið tekið betur af áhorfendum enda er frekar erfitt að missa marks þessa dagana þegar sexi víkingar sem eru úr að ofan eru annars vegar.

Myndin segir frá víkingaprinsinum Amlóða sem verður vitni að morði föður síns af hendi frænda síns, Fjölnis. Amlóði sver þess eidd að ná fram hefndum en endar á áralöngum flækingi meðal ber-



Amlóði og Olga eru ekki ofarlega á lista yfir kynþokkafyllstu mannanöfnin en Skarsgård og Taylor-Joy redda því fyrir horn.

serkja þar sem hann virðist hafa glatað tilgangi sínum. Hann heldur til Íslands í vígahug eftir að hann fregnar að Fjölnir sé þar niðurkominn en hefndarþorstin dvín þegar hann verður ástfanginn af ambáttinni Olgu. Við taka sjóðheitar ástir

og blóðsúthellingar innan um jarðhræringar og dulspeki. Jeminn!

Sagan er í sjálfu sér bara klassísk Hamlet-hefndarræma í víkingagalla. Persónurnar eru ekki dýpri en þær þurfa að vera og allar söguflækjur leysast á frekar fyrirsjáan-

legan hátt. Þrátt fyrir að áhorfandinn myndi ekkert sérstaklega djúpa tengingu við aðalpersónurnar eru leikararnir þó nægilega góðir til að hreyfa við manni.

Handritið er sum sé ekki flókið en það þjónar tilgangi sínum og það er allt í góðu lagi með það. Þetta er bara þannig mynd. The Northman er nefnilega stórkostlegt sjónarspil þar sem ekkert er til sparað. Tæknibrellurnar eru vel útfærðar og drekkja ekki áhorfandanum heldur fá glæsilegar sviðsmyndir og búningar að njóta sín. Tónlistin er síðan naglinn í kistu umræðunnar um hvort það sé þess virði að sjá myndina í bíó eða ekki. Það er svo auðvitað gaman að sjá framlag Íslendinga landfræðilega og í lista-fólki.

Á heildina litið er The Northman ágætis mynd í stórkostlegri umgjörð sem skilur ekki jafnmikið eftir sig og fyrri myndir Eggers. ■

NIÐURSTAÐA: Ágætis mynd í stórbrotinni umgjörð. Sjónarspilið er bíómiðans virði.



Kauptu Myllu
hamburgara-
kartöflubrauð fyrir
þína hamburgara

Á Íslandi er alltaf tími til að grilla

Þéttari og mýkri hamburgerabrauð!

Auðvitað er ekkert betra en ekta íslenskt grill – íslenskt brauð, íslenskt kjöt og íslenskt veður. Gerðu hamburgerann meira djúsi, kauptu Myllu hamburgerakartöflubrauð fyrir þína hamburgara, strax í dag. Tendraðu grillið.



Vertu glaður í bragði
og fáðu þér Myllu
pyslukartöflubrauð
fyrir pylsumar



Alltaf nýbakað
síðan 1959



Silva og Steingrímur senda frá sér djassplötu undir lok mánaðarins.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Sjö lög Silvu og Steina

More Than You Know er fyrsta plata djassduós Steingríms Teague og Silvu Þórdardóttur, sem ákváðu í samkomubanni að skella sér í upptökur eftir samspil um árabíl. Platan kemur út á streymisveitum þann 29. apríl.

ninarichter@frettabladid.is

Djassöngkonan Silva Þórdardóttir og Steingrímur Teague, sem gjarnan er kenndur við Moses Hightower, hafa leitt saman hesta sína í ljúfri djassplötu sem kemur út í lok mánaðarins. Platan dregur nafn sitt af einu laganna, More Than You Know, sem er eitt af sjö djasslögum sem þau útsetja með sínu nefi.

Var lítill í sér í djassinum

Steingrímur segir að þau hafi spilað saman lengi áður en að því kom. „Við höfðum spilað saman á Bryggjunninni til dæmis, og á alls konar tækifærissviðburðum. Svo þegar það var ekki lengur hægt, út af svolitlu, ákváðum við að slá til.“

Hann segist hafa komið að djassinum frekar lítill í sér. „Ég hafði alveg lært eitthvað um djass og svona, ég hafði verið að spila annað dót. Mér fannst ég ekkert vera mikill djasskall og hafði verið frekar lítill í mér djass-megin.“ Þannig hafi komið kjörið tækifæri þegar Silva hafði samband. „Hún er svona djasshaus. Þá hafði maður tækifæri til að mæta sig aftur við þessa tónlist,“ segir hann.

Steini segir að þegar fólk sé farið að þekkja, býið að syngja og spila saman, sé gaman að gefa sér tíma



Þegar maður er farinn að skilja yfir langan tíma hvernig þessi hljóðheimur á að vera. Hvaða litir eiga að fara í hann.

í stúdíói og skapa eitthvað saman. „Þegar maður er farinn að skilja yfir langan tíma hvernig þessi hljóðheimur á að vera. Hvaða litir eiga að fara í hann,“ segir hann.

Instrúmental hlustun mikilvæg

Steini hefur verið áberandi í íslenskrá tónlistarsenu um árabíl, meðal annars sem hljómborðsleikari og annar söngvara Moses Hightower. Silva Þórdardóttir lærði djassöng við FÍH á árunum 2012 til 2016 og segist hafa spilað á kaffihúsum og börum alla daga síðan. Silva gaf út plötuna Skylark árið 2019.

„Ég hef hlustað mikið á instrúmental djass, sem er mikilvægt þegar maður er að syngja djasstónlist,“ segir Silva. „Ég er búin að hlusta alveg rosalega mikið á tónlist sem hefur komið mér áfram í söngnum.“

Söngurinn sem saxófónn

Steini segir magnað, þegar þau Silva byrjuðu að vinna saman, hvernig hún nálgist sönginn eins og saxófónleikari getur spilað lag. „Hún nálgadist þetta bara á sama hátt.

Ekki eingöngu, auðvitað. En hún kom algjörlega með þann orðaforða inn í þetta,“ segir hann og bætir við að þau hafi ekki hlustað mikið á sungnu útgáfunar þegar hún var að kynna sér lögina, heldur frekar instrúmental útgáfunar.

„Það er svo að maður verði ekki fyrir of miklum áhrifum frá þessum söngkonum sem maður samt elskar og hlustar mikið á,“ segir Silva. „Það er svolítið það sem við erum að gera með plötuna okkar. Þetta er alls ekki „traditional“.“

Gefa aukahljóðum pláss

Spurður út í hljóðheim verksins og hlýja áferð á tónlistinni, segir Steini að það hafi verið meðvitað ákvörðun.

„Ég held að við höfum heyrt fyrir okkur að þetta yrði flott þannig, með því að skapa mikla nálægð og hlýju, hafa mikið pláss og leyfa aukahljóðum að njóta sín. En auðvitað verður maður að passa sig að fara ekki of langt með svoleiðis, það verður bara tilgerðarlegt. En það var svo mikið pláss í hljóðmyndinni að það rímaði bara vel,“ segir hann.

Ragna Kjartansdóttir tók upp grunnana með þeim, þar sem byggt var á Wurliizer-hljómborði og söng Silvu. Næst hafi píanóið komið ofan á, sem Steini segir hafa gefið skemmtilega og skrytna yfirtóna. „Við tókum það upp í stúdíóinu hans Magnúsar Jóhanns Ragnarsonar, en hann lánaði okkur píanóið sitt. Svo mixaði og masteraði Styrmir Hauksson, þannig að þetta var allt mjög flinkt og þægilegt fólk, sem eyddi tíma í að skilja hvað maður var að reyna að gera.“ ■

Tengir Khalid við Balí og slökun

ninarichter@frettabladid.is

Bandaríski söngvarinn Khalid heldur tónleika í Laugardalshöll 4. maí og er óhætt að ætla að íslenskir aðdáendur séu orðnir langeygir eftir sýningunni, en tónleikunum var frestað í tvígang vegna heimsfaraldurs.

„Ég hlusta mjög mikið á hann og ég byrjaði nefnilega að hlusta á hann þegar ég var í útskriftarferð til Balí 2017, þá var hann nýbúinn að gefa út plötuna American Teen,“ segir Ragna Sigurðardóttir, læknir og borgarfulltrúi og einarður Khalid-aðdáandi. „Ég hlustaði mjög mikið á þessa plötu, bæði á leiðinni út og þegar ég var á ströndinni og við sundlaugin á Balí,“ segir hún.



Khalid spilar í Laugardalshöll í maí.

„Khalid minnir mig svo mikið á þá afslöppun sem átti sér stað þar,“ segir hún og hlær. „Þannig að ég var með þá plötu á repeat.“

Ragna bjó í níu ár í miðvestrinu í Wisconsin í Bandaríkjunum, og segist tengjast Khalid líka í gegnum nostalgíu sem tengist þeim árum,

en hún flutti aftur til Íslands 15 ára gömul. „Ég ólst upp í Bandaríkjunum þannig að þetta minnir mig líka á æskuna og unglingsárin þar.“

Það er það sem platan hans American Teen snýst um,“ segir hún og bætir við: „Sem er eitthvað sem fólk leitar oft að í tónlist, einhvers konar nostalgíu.“

Ég hef ekki sérþekkingu á tónlist eða hans tónlistarstefnu en alltaf þegar ég heyri Khalid í útvarpinu er þetta smá afslöppun og nostalgía og líka, þetta er svolítið einlægt. Hann virkar eins og einlægur tónlistarmaður, sem ég held að margir sækir í. Að það sé mannleg tenging í tónlistinni,“ segir Ragna sem ætlar að skella sér á tónleikana í Höllinni í byrjun maí. ■

PIZZUR
FYRIR
ALLA

LÍKA
KETÓ
KONUR

&

VEGAN
KALLA



SPAÐINN

Fjarðargata 11 · Dalvegur 32b

spadinn.is

SJÖ ÆVINTÝRI UM SKÖMM
TYRFINGUR TYRFINGSSON

„Magnað sjónarspil“
FBI, PSH

Farsakennd ævintýri,
byggð á sönnum
atburðum

„Listrænn fengur á heimsmælikvarða“
FBI, S.J.

„Stórkostlegt sjónarspil“
RÚV, EHG.

FRAMÚRSKARANDI
VINKONA
Nýjar aukasýningar!

Snarpur sýningartími!
Mbl, Þ.T.

Ást og upplýsingar
CARYL CHURCHILL

KARDE MOMMU BÆFÍNN

Ósöttar pantanir
seldar daglega
Mbl, Þ.T.

Umskiptingar
SIGRÚN ELDJARN

★★★★★
Mbl, SBH

Allar helgar
í apríl og maí

VERTU
ÚLFUR

Sýning ársins!
★★★★★
FBI, S.J. 7 Grimuverðlaun

Hádegis leik húsið

Þjóð leik húsið

Fjölbreytt úrval sýninga í apríl og maí

leikhusid.is



Bakþankar



Svanborgar
Sigmarsdóttir

Í eigin skinni

Ísland er að mörgu leyti einsleitt samfélag. Þrátt fyrir að risastökk hafi verið tekin á þessari öld í átt að fjölbreytni. Og sem einsleitt samfélag, þá eigum við oft erfiðar með að skilja af hverju fólk sem fellur ekki í fjöldann geti átt erfitt uppdráttar eða verið þreytt á öræreitinu sem því getur fylgt. Öllu því sem er sagt, sem er ekki illa meint en verður svo sannarlega þreytandi þegar spurt er í þrjúþúsundasta skiptið. Sérstaklega þegar þig langar bara að borða isinn þinn á sólardegi, ert stressað fyrir próf, að slaka á í strætó eða hamingjusamt yfir lífinu.

Einsleitnin birtist ekki bara í húðlit og að flestir Íslendingar verði gegnsærir eða bláleirir yfir veturinn. Þó svo hýrni yfir okkur með vorinu. Hún birtist líka í því hver við erum. Hvern við elskum. Hvernig við innréttum heimilið. Hverjar tómsundur okkar eru. Við getum lítið gert hvað varðar sumt. En annað er val. Eða svo er okkur sagt.

Eftir því sem einsleitnin er meiri, því minni þolinmæði er fyrir fjölbreytninni. Hvort sem það er fjölbreytni í því sem við erum eða fjölbreytni í því sem við höfum valið okkur. Einsleitt samfélag segir öllum strákum að spila fótbolta. Það segir eldri konum að hafa áhuga á hannyrðum. Alls ekki öfugt. Þannig verða allir strákar fótboltastrákar og allar ömmur þrjónakonur. Þó svo að strákana langi í raun miklu meira að lesa um öll fiðrildin og ömmurnar dreymi um heimsferðalag á mótorhjóli. Og allir drengir dökkir á hörund líta eins út, hvort sem þeir eru eftirlýstir eða bara að kaupa snúð í bakariinu með mömmu sinni. ■

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

BÆJARHRAUN 10 - HAFNARFIRÐI
SÍMI: 520-7500 - FASTEIGNASALA SÍÐAN 1983

NÝBYGGINGAR Í HAFNARFIRÐI
FJÖLDI EIGNA AÐ KOMA Í SÖLU Í SKARDSLÍÐ OG HAMRANESI



20%

AFSLÁTTUR AF
TEMPUR RÚMUM



VEFVERSLUN

www.betrabak.is



TEMPUR® Cloud línan

Hönnuð fyrir meiri mykt

Mjúk ● ● ● ● ● Stíf



TEMPUR® Original línan

Hönnuð fyrir meiri stuðning

Mjúk ● ● ● ● ● Stíf



TEMPUR® Hybrid Línan

Hönnuð fyrir sneggra viðbagð

Mjúk ● ● ● ● ● Stíf



TEMPUR® Firm línan

Hönnuð fyrir enn meiri stuðning

Mjúk ● ● ● ● ● Stíf



QUICKREFRESH™ ÁKLÆÐI

Rennilás gerir það afar einfalt að taka QuickRefresh áklæðið af tempur dýninni og þvo.



Nýjar gerðir og fjölbreytt úrval

TEMPUR
heilsukodda

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.-fös. 11-18 | Lau. 11-16
www.betrabak.is

